

Guðmundur St. Sigurðarson

Fornleifaskráning Skagabyggðar Ytri-Ey, Eyjarkot, Syðri-Ey og Ytri-Hóll



Bygðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2010/105

Forsíðumynd: Horft til norðvesturs yfir Eyjarnes vestur af Eyjarkoti.



© Guðmundur St. Sigurðarson
Bygðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2010/105

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
Aðferð við skráningu.....	4
Söguágrip Ytri-Eyjar	5
Fornleifaskrá.....	7
Steinkot.....	17
Dúfukot/Ketilásgrund/Ketilsárgrund.....	21
Hornar minjar og óstaðsettar	27
Söguágrip Syðri-Eyjar og Eyjarkots	31
Fornleifaskrá.....	34
Eyjarkot	42
Syðri-Eyjarnes	47
Syðri-Eyjarsel.....	53
Hornar minjar og óstaðsettar	57
Söguágrip Ytri-Hóls	61
Fornleifaskrá.....	63
Þjóðsagnastaðir.....	70
Hornar minjar og óstaðsettar.....	70
Samantekt og niðurstöður.....	72
Minjar í landi Ytri-Eyjar	72
Minjar í landi Syðri-Eyjar og Eyjarkots	74
Minjar í landi Ytri-Hóls.....	76
Niðurlag.....	77
Heimildaskrá	78
Fylgiskjöl.....	80

Inngangur

Haustið 2009 lauk öðrum áfanga vettvangsskráningar fornleifa í Skagabyggð vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið og voru eftirtaldar jarðir skráðar í þessum áfanga: Víkur, Krókasel, Hróarsstaðir, Kurfur, Örlygsstaðir og Hlíð, Skeggjastaðir, Kelduland (Hafsvellir), Efri- og Neðri-Harrastaðir (Harrastaðakot), Brandaskarð, Árbakki, Vindhæli, Ytri-Ey, (Eyjarkot) og Syðri-Ey, Ytri-Hóll, Njálstaðir og Þverá.

Um var að ræða heildarskráningu á þessum jörðum þar sem allar fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar voru mældar upp og þeim lýst; minjar í heimatúni, auk stekkjá, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt skapast yfirsýn yfir minjar sem heyrta hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru- eða mannavöldum.

Heimildavinna vegna skráningar Ytri-Eyjar, Eyjarkots, Syðri-Eyjar og Ytri-Hóls hófst á vordögum og var í höndum Berglindar Þorsteinsdóttur fornleifafræðings. Vettvangsvinna fór fram í júní og var unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi og Guðmundi St. Sigurðarsyni fornleifafræðingi sem sá að auki um skýrslugerð. Þá var gerð auka ferð á Ytri- og Syðri-Eyjarsel í apríl 2010.

Landeigendum og heimildamönnum kunnum við bestu þakkir fyrir veittar upplýsingar og aðstoð, þeim Stefáni Stefánssyni á Ytri-Ey, Daníel Magnússyni á Syðri-Ey og Björgu Björnsdóttur á Ytri-Hóli 3, Sigrúnu Björnsdóttur á Ytri-Hóli 2 og Birni Björnssyni á Ytri-Hóli 1. Sömuleiðis þökkum við Rafni Sigurbjörnssyni á Örlygsstöðum aðstoð hans og aðkomu að yfirllestri skýrslunnar.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknnum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bæn húsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir grefrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Þjörgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Ytri-Ey númerið 1 (auðkennt Ytri-Ey - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Ytri-Ey - 1, 11995.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær verði fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef stofnunarinnar: www.fornleifavernd.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjunum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar voru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. byggingar sem mældar voru upp á svonefndum túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Söguágrip Ytri-Eyjar



Mynd 1, horft til norðvesturs heim að Ytri-Ey, gömlu traðirnar heim að bænum (nr. 11 í skýrslunni) sjást vel til vinstri á myndinni. Ljósmynd: Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu.

Í *Húnaþingi* segir: „Ytri-Ey stendur undan Eyjarnúp neðan vegar. Lítil á, Ytri-Eyjará, rennur til sjávar rétt sunnan við bæinn. Í landi Ytri-Eyjar voru fyrrum þrjú smábýli: Steinkot niður við sjó, Ketilsárgrund upp með ánni og Dúfukot norðaustur frá bænum ofan vegar. [...] Ræktunarmöguleikar miklir. Útbeit góð, fjörusælt að vetrum. Hrognkelsaveiði er við ströndina.“¹

Kvennaskóli var á Ytri-Ey á árunum 1883-1901.²

Ytri-Ey kemur nokkrum sinnum fyrir í fornbréfum kaupbréfum ofl. Elst er afsalsbréf á Eyjarey frá 1394.³ Jörðin kemur svo fyrir í reikningsbréfi Höskuldsstaðaprests frá 1402 og aftur ári síðar þegar hún er gefin undir Þingeyrarkirkju.⁴ Ytri-Ey er svo í eigu Þingeyrarklausturs a.m.k. frá því um 1424 til 1525, þrátt fyrir lagaprætur um sölu hennar á fyrri helming 15. aldar.⁵ Í jarðabók frá 1686 er Ytri-Ey sögð í eigu Hólastóls og sömuleiðis árið 1708.⁶

Í jarðabókinni frá 1708 kemur fram að Ytri-Ey hafi ekki átt rétt til upprekstrar á afrétt. Torfrista og stunga var næg en rekavon lítil. Söl voru sögð lítil að fá í fjörinni og að litlu gagni nema hvað vera kann fyrir kvikfé þegar hafís lá ekki að landi. Túninu var sagt að grandaði sandfok og möl sem barst í það í stórviðrum af nálægum melum. Engjar voru litlar og brugðust oft. Þá var kvikfé sagt hætt við að hrekjast í sjó í stórveðrum um vetur. Heimræði var stundað vor, sumar og haust við góða lendingu og ábúanda leifilegt að hafa eins mörg skip og hann gat við komið en ekki var vitað til að þau hefður verið fleiri en eitt og oft ekkert.⁷

¹ *Húnaþing II*, bls. 123.

² Páll Kolka (1950), bls. 51; Þorsteinn B. Gíslason (1974), bls. 45, 47.

³ *Ísl. Fornbréfasafn III*, bls. 501-502.

⁴ *Ísl. Fornbréfasafn III*, bls. 683.

⁵ *Ísl. Fornbréfasafn IV*, bls. 319, 334, 601-602; V, bls. 26-27; IX, bls. 314.

⁶ Björn Lárusson (1967), bls. 240; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, bls. 441

⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, bls. 441-442.

Jörð	Ártal	Eigandi	Jarðamat	Landskuld	Kúgildi
Ytri-Ey	1686 ⁸	Hólastóll	26 hdr. 160 al.	1 hdr. 40 al.	4
Ytri-Ey	1696 ⁹	Hólastóll	24 hdr.	1 hdr. 40 al.	5
Ytre Ey	1708 ¹⁰	Hólastóll	24 hdr.	1 hdr. 20 al.	5
Ytri-Ey	1847 ¹¹	Bændaeign	24 hdr.	1 hdr. 20 al.	4 ½
(mat hreppstjóra)	1847 ¹²	Bændaeign	-	1 hdr.	2
Ytri-Ey	1861 ¹³	-	14,6 hdr.	-	-

Eyðibýli og hjáleigur og sel frá Ytri-Ey

Ólafur Olavius nefnir eyðibýlin Ketilsásgrund milli Hafursstaða og Ytri-Eyjar og Steinkot telur bæði hafa farið í eyði 1707.¹⁴

Í sóknalýsingu frá 1873 segir: „Þar eru eyðihjáleigur: Steinkot niður með ánni að utan við Strókastein einn, er á að hafa lagzt í eyði 1707, og Ketilsásgrund út og upp undan Ytriey, og sjást þar glögg mót fyrir allmiklu túnstæði. [...] Selstaða frá Ytriey var upp undir Dínufjalli og var notuð í tíð Arnórs sýslumanns.“¹⁵

Mannfjöldi

Manntöl	1703	1835	1840	1845	1850	1855	1860	1870	1890	1901
Ytri-Ey			9	7	10		12	15	11	19

Tekið af Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands.¹⁶

⁸ Björn Lárússon (1967), bls. 240.

⁹ Björn Lárússon (1967), bls. 240.

¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, bls. 441.

¹¹ Jarðatal á Íslandi, bls. 245.

¹² Jarðatal á Íslandi, bls. 245.


¹³ Ný jarðabók, bls. 90.

¹⁴ Ólafur Olavius (1964), bls. 285.

¹⁵ Sýslu- og sóknalýsingar I, bls. 150-151.

¹⁶ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, www.manntal.is, skoðað 06.04.2010.

Fornleifaskrá



Mynd 2, túnakort frá fyrri hluta 20. aldar lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minja í skýrslunni, nr. 1 er gamli bærinn, nr. 2 fjósið o.s.frv. Aðeins eru merktar inn þær minjar sem teiknaðar eru inná túnakortið þótt fleiri minjar hafi fundist í heimatúninu (sjá yfirlitsmynd af heimatúni aftast í skýrslunni).

Ytri-Ey - 1

Sérheiti: Ytri-Ey

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í ornefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar fyrir Ytri-Ey segir: „Í gegnum túnið rennur Eyjará og stóð gamli bærinn fast norðan við hana. Steinhús stendur nú fast ofan við þar sem gamli bærinn stóð. Fjós og hlaða var fast vestan við Gamla bæinn. Þar voru einnig fjárhús.“ (ÖKE: 2).

Lýsing

Gamli bærinn var rifinn um 1930 (munnleg heimild Stefán Stefánsson). Vestan við núverandi íbúðarhús þar sem gamli bærinn stóð er nú að hluta til garður vestan við húsið, malarborið bílastæði norðvestan hússins og gömul útihús vestan við planið. Sunnan við útihúsin og vestan við garðinn er afgirt hólf, lítt gróið og sér þar móta fyrir hleðslum. Svo virðist sem þarna séu undirstöður tveggja samsíða veggja. Líklega eru þetta leifar fjóss eða fjárhúsa sem stóðu vestan við bæinn (sjá nánar nr. 2 og 3).

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá árinu 1882 er baðstofan á Ytri-Ey sögð $9\frac{1}{4} \times 5\frac{1}{2}$ al. að innanmáli. Baðstofan var öll þiljuð með skarsúð og borðum í gólfi. Búrið var $5\frac{3}{4} \times 6$ al. að innanmáli og gengið inni það úr forstofunni (bæjardyrnum). Eldhúsið var $5\frac{3}{4} \times 5$ al. að innanmáli, með þilstafn að framan. Næst baðstofunni voru torfgöng en þil fremst við útidyrnar milli eldhúss og búrs. Við útidyrnar var standþili með vindskeiðum að framan. Manngengur ranghali var frá útidyrum til fjóss og hlöðu $4\frac{1}{2}$ al. langur. Fjósið var yfir átta kýr og við það hlaða sem tók 300 hesta af heyji og var 1×3 faðmar að innanmáli. Hálfþilstafn var að vestan og hleri á hjörum til að taka inn hey, annar heygangur var að austan og þriðji að norðan til fjárhúsa. Fjárhúsið var fyrir 60 lömb, með tveimur dyrum og við það léleg heytóft. Þá var brunnhús á jörðinni árið 1882, með þilhlið að vestan. Umbúningur var yfir brunnum með vindu og fylgdu járnkeðja og fata. Ekki kemur fram hvort brunnhúsið hafi verið sambyggt bænum eða öðrum húsum. Auk þess var á jörðinni náðhús úr timbri með tveimur sætum, en ekki er ljóst hvar það stóð eða hvort það var sambyggt öðrum húsum. (Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).



Mynd 3, horft til norðausturs heim að Ytri-Ey, bæjarhúsin gömlu stóðun vestan við íbúðarhúsið (til vinstri á myndinni) og vestan við þau fjós og fjárhús. Búið er að slétta úr þessum minjum en þó sjást enn hleðsluleifar sunnan við gömlu útihúsin (vinstra megin).

Ytri-Ey - 2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt fjós og hlaða vestan við gamlabæinn, u.þ.b. sunnan við útihúsin sem nú eru vestan við bæinn.

Lýsing

Vestan við garðinn umhverfis íbúðarhúsið og sunnan við gömlu útihúsin sér móta fyrir grjóthleðslum eða veggjaleifum í moldinni. Norðari hleðslan er um 12m löng og um 150sm breið og sjást aðeins einfaldar steinaraðir með útbrúnum veggjarins. Syðri hleðslan er um 3m sunnar, helmingi styttri en að öðru leyti eins. Hugsanlega eru það leifar fjóss (nr. 2) eða fjárhúsa (nr. 3) sem þar stóðu ásamt hlöðu og heytóft.

Ytri-Ey - 3

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá árinu 1882 kemur fram að fjóshlaða hafi tengt saman fjós og fjánhús á Ytri-Ey en innangengt hafi verið úr bænum í fjósið (Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).

Lýsing

Vestan við garðinn umhverfis íbúðarhúsið og sunnan við gömlu útihús sér móta fyrir grjóthleðslum eða veggjaleifum í moldinni. Norðari hleðslan er um 12m löng og um 150sm breið og sjást aðeins einfaldar steinaraðir með útbrúnum veggjarins. Syðri hleðslan er um 3m sunnar, helmingi styttri en að öðru leyti eins. Hugsanlega eru það leifar fjóss (nr. 2) eða fjárhúsa (nr. 3) sem þar stóðu ásamt hlöðu og heytóft.

Aðrar upplýsingar

Fjánhúsið var fyrir 60 lömb, með tveimur dyrum og við það léleg heytóft, auk þess sem innangengt var inní fjóshlöðuna (Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).

Ytri-Ey - 4

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar er sýnd smiðja um 100m vestur af bæ á Ytri-Ey, skammt norður af Ytri-Eyjará.

Lýsing

Engar leifar þessa húss fundust á vettvangi en hnitpunktur var tekinn á loftmynd með hliðsjón af túnakortinu, og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Ytri-Ey – 41

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Önnur smiðja en sýnd er á túnakortinu var samkvæmt Stefáns Stefánssonar bónda á Ytri-Ey á hlaðinu milli íbúðarhússins og útihúsanna vestur af þeim, þar er nú slétt malarborið bílastæði og engar minjar sýnilegar. Hnitpunktur var tekinn samkvæmt tilsögn Stefáns.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá árinu 1882 kemur fram að á bænum hafi verið smiðja með þil að framan og vængjahurð á jarnum við stafi með hespu og keng. Einn fjögurrarúðu gluggi var á húsinu og tréstrompur. Góður viður var í húsinu, veggir gamlir en brúklegir og þakið brunnið (Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá árinu 1882 kemur fram að á bænum hafi verið smiðja með þil að framan og vængjahurð á járnum við stafi með hespu og keng. Einn fjögurrarúðu gluggi var á húsinu og tréstrompur. Góður viður var í húsinu, veggir gamlir en brúklegir og þakið brunnið (Úttekt á Ytir-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).

Ytri-Ey - 5

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar frá 1974 segir: „Fjánhús voru fyrir ofan bæ, rétt neðan við þjóðveginn sem nú er. [...] Nú hefur verið sléttuð úr öllum þessum torfhúsum [...]“ (ÖKE: 2). Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar er sýnt fjánhús um 80m austur af bæ. Miðað við túnakortið virðast húsin hafa staðið á svipuðum slóðum og hliðið á heimreiðinni er í dag og náð aðeins norður fyrir veg og um 9m til suður fyrir hann.

Lýsing

Engar tóftir eru sýnilegar á þessum stað enda kominn þarna vegur og slétt tún sitthvoru megin. Þó sér móta fyrir grjóti í túninu sunnan vegarins, hugsanlega eru það leifar þessa fjárhúss.

Aðrar upplýsingar

Húsin voru í notkun fram til 1949 en sléttuð fyrir 1962 (munnleg heimild Stefán Stefánsson, 22.06.2009). Hugsanlega er þetta á sama stað og „syðstu húsin“ sem talað er um í úttekt frá árinu 1882, en þau virðast hafa verið syðst uppá velli, á þeim voru tvær dyr og tóku 40 kindur (Úttekt á Ytir-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu), sjá einnig nr. 54.

Ytri-Ey - 6

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar er sýnt fjánhús um 80m austan við bæ og matjurtagarður fast sunnan þess.

Lýsing

Í brekkunni niður að á sunnan við hliðið á afleggjaranum heim að Ytri-Ey sér móta fyrir óljósum garðlögum sem passa við uppmælinguna á matjurtagarðinum á túnakortinu. Um 8m langur bakki eða garðlag liggur upp frá ánni (N-S), rétt vestan við ræsið á ánni sem þjóðvegurinn liggur yfir. Þá sér móta fyrir suðvesturhorni garðsins í brekkunni þar vestur af. Garðlögin eru fremur óljós, um 1m breið og 10-20sm há nema neðst við ánnu að austan þar sem bakkinn er allt að 1m hár.

Aðrar upplýsingar

Í úttektinni frá 1882 er talinn upp um 80 ferfaðma kálgarður á Ytri-Ey, grjótgarður að innan og dulítið hrunið úr hornum (Úttekt á Ytir-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).

Ytri-Ey - 7

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar frá 1974 segir: „Fjárhús voru fyrir ofan bæ, rétt neðan við þjóðveginn sem nú er. U.þ.b. 20 faðma norður af þeim var hesthús. Austan undir því var torfrétt. Nú hefur verið sléttað úr öllum þessum torfhúsum [...]“ (ÖKE: 2).

Lýsing

Nokkur upphækkun er þar sem húsin stóðu og sér vel fyrir útlínunum hússins, um 10x13m að ummáli, þótt ekki sé hægt að gera sér grein fyrir innra fyrirkomulagi. Austan við er rétt með hlið til norðurs.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá árinu 1882 kemur fram að á Ytri-Ey hafi þá verið þar hesthús yfir átta hross með 4 stoðum við vegg og 4 undir mænirás. Grindahurð var fyrir dyrum að heytóftinni og hurð á járnum fyrir útidyrum við stafi með hespu og keng. Viður var meiripart nýlegur, veggir góðir nema örlítið hrunið úr þeim. Heytóftarmynd var við húsið (Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).

Ytri-Ey - 8

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar frá 1974 segir: „Fjárhús voru fyrir ofan bæ, rétt neðan við þjóðveginn sem nú er. U.þ.b. 20 faðma norður af þeim var hesthús. Austan undir því var torfrétt. Nú hefur verið sléttað úr öllum þessum torfhúsum [...]“ (ÖKE: 2).

Lýsing

Austan við leifar hesthússins (nr. 7) er rétt með hlið til norðurs. Veggirnir eru grasi grónir um 20-30sm háir og um 1m breiðir.

Ytri-Ey – 9

Sérheit: Kvennaskólinn á Ytri-Ey

Hlutverk: Skóli

Tegund: Grunnur

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar frá 1974 segir: „Fyrir sunnan Eyjará var nokkurt tún og var það nefnt Skólatún. Um það mitt stóð timburhús það sem Arnórssen sýslumaður lét byggja.“ (ÖKE: 2). Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er húsið sýnt standa um 30m suðvestur af gamla torfbænum.

Lýsing

Grunnur hússins sést enn glögglega í túninu, um 20sm hærra en umhverfið, um 10x12m að ummáli.

Aðrar upplýsingar

Húsið var reist á Ytri-Ey af Arnóri Árnasyni sem þar bjó á árunum 1847-59. Það var stækkað og endurbætt þegar jörðin var keypt undir Kvennaskóla Húnavetninga 1882-83 (PK: 51). Þar var kennt frá 1883 til 1901, þá var skólastarfi hætt á jörðinni og hún seld, nýbyggingar voru þó undanskildar og þær rifnar og viðurinn fluttur til Blönduóss og notaður í nýtt skólahús þar (ÞBG: 45-47). Gamla skólahúsið stóð þó áfram og var rífið af Brynjólfi Lýðssyni smið (d. 1941) sem var annar ábúandi jarðarinnar eftir að hún var seld undan skólanum. Hann byggði steinhús í staðinn árið 1930 (PK: 51; HP II: 123) og voru viðir úr skólahúsinu notaðir í nýbygginguna (munnleg heimild Stefán Stefánsson, 23.06.2009).

Ytri-Ey – 10

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt lítið hesthús um 70m vestan og heldur sunnar en skólahúsið.

Lýsing

Þarna er nú slétt tún og sjást engar menjar um þetta hesthús á yfirborðinu.

Aðrar upplýsingar

Um 40m suðvestur af þessum stað er svolítill grjóthrúga rétt utan við túnið, hugsanlega hleðslugrjót úr umræddu hesthúsi eða öðrum byggingum sem staðið hafa á túninu. Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar frá 1974 segir: „Nokkru neðan við húsið stóð lítill kofi, nefndur Mókofi. Í honum var geymdur mór fyrir skólann.“ (ÖKE: 2). Hugsanlega er um sama hús að ræða þótt ekki sé það víst (sjá nr. 51).

Ytri-Ey – 11

Hlutverk: Tröð/Heimreið

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnd heimreið sunnan bæjar og Eyjarár.

Lýsing

Heimreiðin sést enn mjög glögglega, hún er ögn niðurgrafin um 3m breið með um 40sm háum köntum með hliðunum. Tröðin og veggirnir eru að mestu gróin, en austurkantur traðarinnar er að hluta rofinn.



Mynd 4, horft heim tröðina að Ytri-Ey (horft til NNV).

Ytri-Ey – 12

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Hryggur

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnar útlínur ræktaðs túns auk túngirðingarinnar sem þá var. Þá hefur verið búið að færa túngirðinguna norður fyrir upprunulega túnstæðið en ekki búið að rækta upp blettinn á milli. Nú hefur allt þetta svæði verið slétt og ræktað upp og ná túnin töluvert norður fyrir gamla girðingarstæðið. Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar frá 1982 segir að þjóðvegurinn liggir við gamla túngarðinn (ÖIB: 1).

Lýsing

Túngarðurinn sést enn á um 70m kafla norður af hesthústóftunum (nr. 7) og er núverandi túngirðing ofan á garðinum. Í framhaldi af honum má sjá hrygg í túninu með stefnu norðvestur á núverandi útihús. Hryggurinn sést á um 115m kafla en hverfur svo á um 50m kafla og sést svo aftur í aflíðandi boga í norðvesturhorni gamla túnsins um 35m suður af útihúsunum.

Aðrar upplýsingar

Norðan við þennan hrygg er annar stærra ávalur hryggur sem lítur út fyrir að vera náttúrulegur og passar við að túngirðingin sem sést á túnakortinu hafi staðið á honum. Í úttekt frá 1882 kemur fram að þá hafi verið túngarður kringum allt túnið nema með ánni, hann var að vísu mikið hruninn og hvergi talinn gripheldur. Grindahurð með umbúningi var fyrir hliðinu á

túngarðinum, en járn sagt vanta að mestu leyti (Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).

Ytri-Ey – 13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Um 50m suður af fjárhúsunum nyrst í túninu á Ytri-Ey er ávalur hóll í túninu næsta tvískiptur.

Lýsing

Hóllinn er aflangur frá norðri til suðurs, um 20m langur og mest um 9m breiður, mjóstur um miðjuna um 3m breiður. Engar heimildir eru um minjar á þessum stað en hóllinn er tóftalegur og ekki ótrúlegt að þarna kunni að leynast minjar undir sverði.

Ytri-Ey – 14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 260m suðsuðvestur af bæ á Ytri-Ey er klapparhóll suður við merkin móts við Syðri-Ey, svonefnt Nónberg, öðru nafni Stórabergr (ÖKE: 2; ÖIB: 1). Sunnanundir berginu í landi Syðri-Eyjar er túnblettur sem búið er að slétta og hugsanlegur tóftahóll innan hans. Vestan bergsins í landi Ytri-Eyjar er garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur til norðvesturs frá merkjagirðingunni og sést mjög greinilega á um 30m kafla, 50-60sm hátt og um 110sm breitt, og óljóst, rofið framhald er af honum um 15m í sömu stefnu.



Mynd 5, horft til vesturs yfir garðlag (nr. 14) af Nónbergi/Stórabergr suður við merki Ytri- og Syðri-Eyjar.

Ytri-Ey – 15

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Garðlag


Staðhættir

Tæpa 700m suðvestur af bæ á Ytri-Ey skammt norður af Eyjará er óljós tóft á gömlum árbakka.

Lýsing

Tóftin er afar óljós um 10m á kant, hringlaga með að því er virðist litlu hólfni inni sunnanverðrir tóftinni. Ekki er útilokað að um nátturumyndun af einhverju tagi sé að ræða.





Ytri-Ey – 16

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 70m austur af ósi Eyjarár sunnan ár í landi Ytri-Eyjar er tóft í grasigrónum hvammi við ána.

Lýsing

Einföld tóft, með um 60-150sm háa veggj með dyr austast á norðurveggnum.

Aðrar upplýsingar

Heimildir eru um útgerð frá Syðri-Eyjarnesi sem er nesið sunnan við ós Eyjarár í landi Syðri-Eyjar og einnig frá Ytri-Eyjarnesi sem er næsta nes norðan við Eyjará. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var uppsátur og heimræði frá Ytri-Ey í kringum 1705 (JÁM VII: 442). Í sóknalýsingu frá 1873 segir: „Nálægt takmörkum Eyanna er Eyjarnes, og eru litlar víkur beggja vegna, og er þar útræði.“ (SS I: 150). Enn fremur er þar talað um *Ósvíkurbúð* í landi Syðri-Eyjar, þá sögð í eyði (SS I: 159). Hvar sem *Ósvíkurbúð* hefur staðið eru minjar nr 16 og nr. 18-22, greinilega menjar um útgerð frá þessum stað.

Ytri-Ey – 17

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Leið/Sneiðingur

Staðhættir

Á suðurbakka Eyjarár við ós Eyjarár er sneiðingur í grónu árgili.

Lýsing

Sneiðingurinn er algróinn um 150sm breiður og liggur frá fjörinni og í átt að tóft (nr. 16) þar skammt austur af. Sneiðingurinn sést glögglega á um 25m langur.

Ytri-Ey – 18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir


Lítill tóftaþyrping er út við sjó rétt norður af ósi Eyjarár. Óljós tóftahóll (nr. 18) er nyrst í röðinni og lítil, að því er virðist yngri, tóft ofan á honum (nr. 19).

Hættumat

Minjarnar eru í um 7m fjarlægð frá fjörubakkanum og verða því að teljast í hættu vegna landbrots.

Lýsing

Tóftahóllinn er mest um 14x13m í ummál. Syðst er óljós lítill tóft opin til vesturs, hugsanlega naust



eða uppsátur. Önnur tóft virðist vera norðvestast, með dyr til norðurs. Veggir tóftanna eru mest um 40sm háir en hóllinn heldur hærrí um miðbikið, fyrirkomulag þessara minja er að öðru leyti óljóst. Hóllinn er algróin grasi.



Mynd 6, horft til norðausturs yfir minjar norðan við ós Eyjarár (til hægri á myndinni).

Ytri-Ey – 19

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Lítill tóftabyrping er út við sjó rétt norður af ósi Eyjarár. Óljós tóftahóll (nr. 18) er nyrst í röðinni og lítil, að því er virðist yngri, tóft ofan á honum (nr. 19).

Hættumat

Minjarnar eru í um 11m fjarlægð frá fjörubakkanum og verða því að teljast í hættu vegna landbrots.

Lýsing

Tóftin er einföld að gerð, um 5x6m í ummál og með dyr til vesturs. Veggir eru grasi grónir um 30-40sm háir.



Mynd 7, horft til suðurs yfir tóftir (nr. 19-22) norður af ósi Eyjarár.

Ytri-Ey – 20

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Lítill tóftabyrping er út við sjó rétt norður af ósi Eyjarár.

Hættumat

Minjarnar eru í um 9m fjarlægð frá fjörubakkanum og verða því að teljast í hættu vegna landbrots.

Lýsing

Tóftin er einföld, 6x7m að utanmáli með dyr til vesturs. Veggir eru grasi grónir á bilinu 30-40sm háir.

Ytri-Ey – 21

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Lítill tóftaþyrping er út við sjó rétt norður af ósi Eyjarár.

Hættumat

Minjarnar eru í um 6m fjarlægð frá fjörubakkanum og verða því að teljast í hættu vegna landbrots.

Lýsing

Tóftin er alls 8x5m að utanmáli og opin til suðvesturs, hún er grafin niður í fjörubakkann um 50sm djúp að innan með um 30sm háar útbrúnir veggja. Grjót er í veggjunum og nokkuð hrun inn í tóftinni, en hún er að öðru leyti algróin og kann að vera yngri en nærliggjandi tóftir.

Ytri-Ey – 22

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Lítill tóftaþyrping er út við sjó rétt norður af ósi Eyjarár. Syðsta tóftin (nr. 22) stendur á einskona nesi með fjörubakkann að vestan en brattan en gróinn árbakka Eyjarár að sunnan.

Hættumat

Minjarnar eru í um 10m fjarlægð frá fjörubakkanum og verða því að teljast í hættu vegna landbrots.

Lýsing

Tóftin er 5x5m að utanmáli með dyr til vesturs. Veggir eru þýfðir og virðast hafa blásið upp og gróið aftur, um 20-50sm háir.



Mynd 8, horft til norðurs yfir tóftir nausta yst á Ytri-Eyjarnesi.

Ytri-Ey – 23

Hlutverk: Naust

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar segir: „Við sjó eru örnefni þessi að norðan: Borgir og Kálfshamarsvík norðan víkur, sem kölluð var Ytri-Eyjarvík. Upp af víkinni er gerði sem heitir Steinkot. Beint fram af Ytri-Eyjarnesi er Eyjarey [...]“ (ÖIB: 1). Á Ytri-Eyjarnesi eru leifar nausta.

Hættumat

Minjarnar eru yst á nesinu á fjörubakkanum og hefur nú þegar brotnað nokkuð af vestur hluta þeirra.

Lýsing

Það sem eftir er af þessu nausti er um 5x5m í ummál en greinilega hefur stór hluti tóftarinnar farið í sjóinn. Veggir eru grónir um 0,6-1m háir.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var uppsátur og heimræði frá Ytri-Ey í kringum 1705 (JÁM VII: 442).

Ytri-Ey – 24

Hlutverk: Naust

Tegund: Tóft

Hættumat


Mínjarnar eru yst á nesinu á fjörubakkanum og hefur nú þegar brotnað nokkuð af vestur hluta þeirra.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar segir: „Við sjó eru örnefni þessi að norðan: Borgir og Kálfshamarsvík norðan víkur, sem kölluð var Ytri-Eyjarvík. Upp af víkinni er gerði sem heitir Steinkot. Beint fram af Ytri-Eyjarnesi er Eyjarey [...]“ (ÖIB: 1). Á Ytri-Eyjarnesi eru leifar nausta.

Lýsing

Tóftin er um 10x10m í ummál opin til vesturs, en eitthvað hefur brotnað af vestur hluta hennar, veggirnir eru algrónir um 0,6-1m háir.



Steinkot



Mynd 9, horft til suðurs yfir Steinkot, innri túngarðurinn (nr. 29) sést glögglega umhverfis túnið að norðan, sunnan og austan. Hhugsanlegur bæjarhóll (nr. 25) og meint stekkjartóft (nr. 26) lengst til vinstri, og fyrir miðri mynd er hóll (nr. 27) og tóft (nr. 28).

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar segir: „Upp af Ytri-Eyjarnesi hækkar landið aðeins upp að Flóanum og sést því Ytri-Eyjarnes ekki frá bæ. Þar heitir Brún. Steinkotið er framan í Brúninni.“ (ÖKE: 3). Ólafur Olavius minnst á eyðibýlið Steinkot í ferðabók sinni sem kom fyrst út árið 1780 og taldi hafa farið í eyði árið 1707 (ÓO I: 285). Ekki er minnst á Steinkot í umfjöllun Árna og Páls um Ytri-Ey (JÁM VIII: 441-442). Í sóknalýsingu frá árinu 1873 Steinkot hins vegar talið upp ásamt Ketilásgrund sem eyðibýli í landi Ytri-Eyjar (SS I: 159). Nafnið Steinkot kemur ekki fyrir í manntalsskrám frá 1703 til 1910 (Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: www.manntal.is. Skoðað 06.04.2010). Ekki er vitað um upphaf búsetu á Steinkoti og fullyrðing Olaviusar um að það hafi farið í eyði árið 1707 er óljós, þótt líklegt megi telja að þar hafi a.m.k. ekki verið búið eftir það.

Ytri-Ey – 25

Sérheiti: Steinkot

Hlutverk: Óþekkt/bæjarhóll

Tegund: Hóll

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar segir: „Upp af Ytri-Eyjarnesi hækkar landið aðeins upp að Flóanum og sést því Ytri-Eyjarnes ekki frá bæ. Þar heitir Brún. Steinkotið er framan í Brúninni.“ (ÖKE: 3). Tveir hólar eru innan túngarðsins á Steinkoti (nr. 25 og 27) sitt hvorum megin við vegslóða sem liggur í gegnum túnið og tóftir eru á báðum þessum hólum (nr. 26 og 28).

Lýsing

Syðri hóllinn er um 20x13m í þvermál, hann er 2m hár að vestan en jafnast út við brekkuna að austan. Mögulega er þetta gamli bæjarhóllinn, þótt hann virðist að hluta til náttúrulegur.

Ytri-Ey – 26

Sérheiti: Steinkot

Hlutverk: Óþekkt/Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tveir hólar eru innan túngarðsins á Steinkoti (nr. 25 og 27) sitt hvorum megin við vegslóða sem liggur í gegnum túnið og tóftir eru á báðum þessum hólum (nr. 26 og 28). Umrædd tóft (nr. 26) er á syðri hólnum (nr. 25).

Lýsing

Tóftin er um 10x10m á kant, tvískipt með hefðbundnu stekkjargagi, lítil rétt og áföst lambakró. Hlið eru útúr réttinni til norðurs og að því er virðist innangengt milli réttar og krónnar austan við. Veggir eru algrónir á bilinu 30-50sm háir.

Ytri-Ey – 27

Sérheiti: Steinkot

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Hóll

Staðhættir

Tveir hólar eru innan túngarðsins á Steinkoti (nr. 25 og 27) sitt hvorum megin við vegslóða sem liggur í gegnum túnið og tóftir eru á báðum þessum hólum (nr. 26 og 28).

Lýsing

Nyrðri hóllinn er um 12x9m í ummál (NV-SA) og fer tóft (nr. 28) að hluta til yfir hann að austan. Óvíst er hvers eðlis þessi hóll er, en hann virðist manngerður, hvort sem um að ræða byggingaleifar, öskuhaug eða annað.



Ytri-Ey – 28

Sérheiti: Steinkot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tveir hólar eru innan túngarðsins á Steinkoti (nr. 25 og 27) sitt hvorum megin við vegslóða sem liggur í gegnum túnið og tóftir eru á báðum þessum hólum (nr. 26 og 28). Umrædd tóft (nr. 28) er á norðari hólnum (nr. 27).

Lýsing

Tóftin er um 16x7m í ummál og snýr VSV-ANA óljós til vesturs og virðist hafa blásið þar upp og gróið aftur. Tóftin virðist hafa verið tvískipt með litlu hólfi norðaustast, að öðru leyti er innra fyrirkomulag hennar óljóst. Veggir eru á bilinu 10-40sm háir, algrónir grasi.

Ytri-Ey – 29

Sérheiti: Steinkot

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Umhverfis túnið á Steinkoti er túngarður, tvöfaldur á kafla að norðan.

Lýsing

Innri túngarðurinn er heillegri og að því er virðist yngri, hann er þó rofinn bæði að austan og vestan, um 20-40sm háir og á bilinu 1,8-2,2m breiður og girðir af tæplega 4ha tún.

Ytri-Ey – 30

Sérheiti: Steinkot

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Umhverfis túnið á Steinkoti er túngarður, tvöfaldur á kafla að norðan.

Lýsing

Ytri túngarðurinn er óljósari og virðist eldri, hann nær um 30m lengra til norðurs og virðist hafa girt af um 5ha tún að því gefnu að yngri túngarðurinn liggja á sama stað yfir hinum gamla að austan og sunnan.

Ytri-Ey – 31

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar segir: „Upp af Ytri-Eyjarnesi hækkar landið aðeins upp að Flóanum og sést því Ytri-Eyjarnes ekki frá bæ. Þar heitir Brún. Steinkotið er framan í Brúninni.“ (ÖKE: 3). Í grónum bolla í melunum ofan við Brún er tóft, um 80m austur af túngarðinum umhverfis Steinkot.

Lýsing

Tóftin er um 10m á kant, hringlaga með að því er virðist litlu hólfi inni sunnanverðrir tóftinni. Veggir um 40-60sm háir að utan en um 30sm háir að innan, þeir eru að mestu grónir grasi og mosa en eru rofnir að austan.





Mynd 10, horft til austurs yfir mógrafir út við sjó norðvestast í landi Ytri-Eyjar.

Ytri-Ey – 32

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Náma/Mógröf

Staðhættir

Norðvestarlega í landi Ytri-Eyjar, norðaustur af Kálfshamarsvík og suðaustur af Borgum (sbr. ÖBL: 1 og ÖIB: 1) eru umfangsmiklar mógrafir.

Lýsing

Grafirnar eru rúmur 1ha að stærð og um 50-150sm djúpar, þær eru algrjónar og rennur lækur í gegnum þær.

Ytri-Ey – 33

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 75m vestur af mógröfunum (nr. 32) eru tvær litlar tóftir, og ferhyrnd þúst á milli þeirra.

Lýsing

Nyrsta tóftin er um 7x6m að ummáli og snýr nálega austur-vestur og dyr virðast hafa verið til austurs. Tóftin er algróin grasi með um 30-40sm háa vegg.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er um mókofa að ræða eða einhverskonar mannvirki tengt sjósókn, s.s. verbúð, eða hjall.


Ytri-Ey – 34

Hlutverk: Óþekkt/mótóft

Tegund: Þúst/grunnur

Staðhættir

Um 75m vestur af mógröfunum eru tvær litlar tóftir, og ferhyrnd þúst á milli þeirra. Þústin er heldur vestar en tóftirnar um 1m suðvestur af nr. 33 og 2,5m norðvestur af nr. 35.



Lýsing

Þústin er næsta ferhyrnd um 4m á kant og stendur um 20-30sm hærri en umhverfið. Mikið grjót er í útbrún þústarinnar en innra fyrirkomulag óljóst.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er þetta undirstaða eða grunnur undan timburhjalli eða einhverju álíka.

Ytri-Ey – 35

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 75m vestur af mógröfunum eru tvær litlar tóftir, og ferhyrnd þúst á milli þeirra.

Lýsing

Tóftin er hringlaga um 6,5m í þvermál, útbrúnir eru um 10-20sm háar og um 10sm dæld er í miðjunni, um 2m í þvermál.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um mókofa eða móstafla að ræða.

Ytri-Ey – 36

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar segir: „Norðan við Ytri-Eyjarnes heitir Kálfshamarsvík, norðan við hana er Kálfshamar (klettur).“ (ÖBL: 1). Í annarri skrá segir: „Við sjó eru örnefni þessi að norðan: Borgir og Kálfshamarsvík [krotað hefur verið yfir vík] norðan víkur, sem kölluð var Ytri-Eyjarvík.“ (ÖIB: 1). Sunnan undir klapparhöfðanum „Borgum“ norðvestast í landi Ytri-Eyjar er lítil tóft.


Lýsing

Tóftin snýr SV-NA og er 4,5x5m að ummáli með dyr til suðvesturs. Veggirnir eru grónir grasi og mosa um 30-40sm háir.



Dúfukot/Ketilásgrund/Ketilsárgrund

Í Húnaþingi segir að fyrrum hafi verið þrjú smábýli í landi Ytri-Eyjar, Steinkot, Ketilásgrund og Dúfukot og Dúfukot sagt „norðaustur frá bænum ofan vegar“ (HÞ II: 113-114). Einhver óvissa virðist þó vera um staðsetningu Ketilásgrundar og í yngstu örnefnaskrá Ytri-Eyjar frá 1982 er talið að Dúfukot og Ketilásgrund sé einn og sami staðurinn (ÖIB: 1). Það er raunar í ágætu samræmi við sóknalýsinguna frá 1873 sem lýsir staðsetningu Ketilásgrundar svo: „Ytriey er litlu utar við Ytrieyará beggja megin. [...] Þar eru eyðihjáleigur: Steinkot niður með ánni að utan við Strókastein einn, er á að hafa lagzt í eyði 1707, og Ketilsásgrund út og upp undan Ytriey, og sjást þar glögg mót fyrir allmiklu túnstæði.“ (SS I: 150-151). Í örnefnaskrá frá 1961 er talað um fornar rústir og nokkrar garðhleðslur á Dúfukoti (ÖBL: 1) í annarri skrá frá árinu 1974 er Dúfukot sagt komið í tún (ÖKE: 3). Þá er sagt í örnefnaskrá frá 1982 að norðurmerki Ytri-Eyjar hafi legið í garðlag norðan Dúfukots sem nú sé komið í tún (ÖIB: 1). Saga byggðar á Dúfukoti er óljós að öðru leyti en því að þar er sagt hafa verið búið um miðja 19. öld (HG: 285).



Mynd 11, uppmæld garðlög og hugsanlegur bæjarhóll á Dúfukoti, punktalínurnar á myndinni draga fram óljósar vísbendingar um garðlög sem sjá má af loftmynd.

Ytri-Ey – 37

Sérheiti: Dúfukot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Í ornefnaskrá Ytri-Eyjar frá 1974 segir: „Fyrir ofan Mela, norður undir landamerkjum, voru fornar rústir og nokkrar garðhleðslur. Þar hét Dúfukot. Nú er Dúfukot komið í tún. Dúfukot er í rótum Ytri-Eyjarnúps“ (ÖKE: 3). Samkvæmt Stefáni Stefánssyni bónda á Ytri-Ey sést bæjarhóllinn enn sem hávaði í túninu (munnl. heimild. 22.06.2009).

Lýsing

Í sunnanverðu túninu er ávalur hóll eða hávaði, aflangur frá norðri til suðurs, um 30x15m í ummál og stendur um 50sm hærra en umhverfið. Engar greinilegar leifar eða vísbendingar um byggingar eru á hólnum.

Ytri-Ey – 38

Sérheiti: Dúfukot

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Óljóst upplásið garðlag er ofan við núverandi tún austan vegar norður við merki Ytri-Eyjar og Hafursstaða.

Lýsing

Garðlagið sjálf er með öllu uppblásið og ekki annað eftir en hálfgróið rofasár þar sem garðurinn hefur staðið en gróðurinn heillegri umhverfis, mosi og rýrt mólendi. Sárið er á köflum 10sm dýpra en umhverfið, annarsstaðar eru leifar garðsins um 10sm hærri, breiddin er á bilinu 1-2m. Ummerki um garðlagið utan túns sjást á um 90m kafla þar sem það liggur norður-suður með boga til austurs. Á loftmynd virðist mega sjá óljóst áframhald af garðinum innan túnsins, þetta er þó afar óljóst og erfitt að fullyrða um án frekari rannsóknar.

Ytri-Ey – 39

Sérheiti: Dúfukot

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Óljóst garðlag er ofan við núverandi tún austan vegar norður við merki Ytri-Eyjar og Hafursstaða. Garðlagið er u.þ.b. fyrir miðju túni, um 30m norður af garðlagi nr. 38.

Lýsing

Garðlagið er að miklu leyti mosagróið um 20-40sm hátt og um 2m breitt og sést á um 50m kafla til austurs upp brekkuna frá núverandi túngirðingu. Á loftmynd virðist mega sjá óljóst framhald af garðinum til vesturs innan túns, með beygju til suðurs skammt frá vesturbrún núverandi túns og áfram að suðurbrún þess.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega eru garðlög 39 og 40 hlutar sama garðs, en garðlag nr. 40 gæti einnig hafa náð lengra til norðurs og legið út við núverandi landamerki. En hvort tveggjar er heimild um garðlag þar við merkin (ÖIB: 1) og á loftmynd virðist má sjá óljós merki um hugsanlegan garð í framhaldi af nr. 40.

Ytri-Ey – 40

Sérheiti: Dúfukot

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Óljóst garðlag er ofan við núverandi tún austan vegar norður við merki Ytri-Eyjar og Hafursstaða. Garðlagið er austan við suðausturhorn túnsins og virðist hafa myndað horn eldra túns, sem hefur náð svoltið upp í brekkuna.

Lýsing

Garðlagið er að miklu leyti mosagróið um 20-40sm hátt og um 2m breitt og sést á um 50m kafla til austurs upp brekkuna frá núverandi túngirðingu. Á loftmynd virðist mega sjá óljóst framhald af garðinum til vesturs innan túns, með beygju til suðurs skammt frá vesturbrún núverandi túns og áfram að suðurbrún þess.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega eru garðlög 39 og 40 hlutar sama garðs, en garðlag nr. 40 gæti einnig hafa náð lengra til norðurs og legið út við núverandi landamerki. En hvort tveggjar er heimild um garðlag þar við merkin (ÖIB: 1) og á loftmynd virðist má sjá óljós merki um hugsanlegan garð í framhaldi af nr. 40 (sjá loftmynd hér að ofan).

(Ytri-Ey – 41 er smiðja heima við bæ, sjá framar í skýrslunni)

Ytri-Ey – 42

Hlutverk: Náma (mótekja)

Tegund: Niðurgröftur (mógröf)

Staðhættir

Í flóaanum ofan við bæ á Ytri-Ey norðan við Eyjaráanna.

Lýsing

Greinilegar grafir sjást á um stóru svæði, norðan landamerkjagirðingar Ytri-Eyjar og Eyjarkots/Syðri-Eyjar. Grafirnar eru ekki alveg samhangandi en ná í heild yfir um 3500m². Grafirnar eru algrónar á bilinu 20-50sm djúpar. (sjá nánar Ytri-Ey – Yfirlitskort 3 í fylgiskjölum aftast í skýrslunni).

Aðrar upplýsingar

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er tekið fram að torftaka og stunga hafi verið næg í landi Ytri-Eyjar (JÁM VII: 442).



Mynd 12, horft til norðvesturs yfir tóftir Ytri-Eyjarsels (nr. 43) sem sjást hér sem óljós þúst fyrir miðri mynd við enda skaflsins. Sunnan við rennur sellækur niður í flóann.

Ytri-Ey – 43


Sérheiti: Ytri-Eyjarsel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóftir


Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar segir: „Upp af Svarðarholti eru seltóftir, Ytri-Eyjarsel. Þar hærra upp í Kömbunum heitir að sunnan Fífulág, að norðan er Ytri-Eyjarketill, rétt niður undan Pálsbyrgi.“ (ÖIB: 1). Í annarri skrá segir: „[...] þar nokkru austar [þ.e. austan við Dúfukot] er Grensás, og liggur hann þar þvert yfir landareignina, þar austur af er flói sem heitir Kelda, lítið sunnar en í miðju landinu vestan í Kömbunum eru fornar tóftir, sem heita Ytri-Eyjarsel.“ (ÖBL: 1). Raunar eru minjar á a.m.k. þremur stöðum á þessum slóðum, í fyrsta lagi fornar seltóftir (nr. 43) um 700m SSA af útihúsunum á Kambakoti, undir brekkunni „Kömbunum“ austan við flóan „Keldu“, um 130m suðaustur af þeim eru leifar vörðu og hugsanlegs smalabyrgis á norðurenda melhryggs (nr. 44 og 45), ofan við hrygginn tekur við sléttur bali „Ytri-Eyjarketill“ og „Fífulág“ í framhaldi hans til suðurs, í brekkunni þar fyrir ofan, um 310m ASA af selinu eru tvær tóftir (nr. 46 og 47) á nokkuð áberandi hólí að því er virðist frá fleiru en einu tímaskeiði.



Lýsing

Tóftin er afar illa farin og þýfð en sker sig þó greinilega úr umhverfinu og stendur ögn hærra. Veggir eru þýfðir og hrundir, um 20-50sm háir. Þrátt fyrir ástand tóftarinnar virðist mega greina þrjú hólf, að norðan eru tvö hólf sem virðist hafa verið innangengt á milli og dyr út til suðvesturs, sunnan við það er stakt hólf með dyr til suðvesturs.



Ytri-Ey – 44

Hlutverk: Óþekkt/kennimerki

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Leifar vörðu og hugsanlegs smalabyrgis á melhrygg ofan við tóftir Ytri-Eyjarsels (nr. 43).

Lýsing

Hleðslan eða grjóthrúgan er næsta hringlaga um 2m í þvermál og á bilinu 10-20sm há, að hluta gróin grasi, mosa og lyngi en umhverfis er gróðurrýr melur.

Ytri-Ey – 45

Hlutverk: Óþekt/smalabyrgi

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Leifar vörðu og hugsanlegs smalabyrgis á melhrygg ofan við tóftir Ytri-Eyjarsels (nr. 43).

Lýsing

Afar lág grjótlögn eða hleðsla líkt og grunnur undan smalakofa eða skjólvegg. Hleðslan er mest um 10sm hærri en umhverfið, að hluta gróin mosaog lyngi, en umhverfis er gróðurrýr melur.



Mynd 13, horft til suðvesturs yfir tóftir í vestanverðum Kömbum ofan Fífulágar/Ytri-Eyjarketils. Lengra til vinstri virðast vera leifar beitarhúss (nr. 47) og nær okkur half á kaf í snjó er austur hluti óþekkrar tóftar, hugsanlega stekkar eða beitarhúss. Minjarnar standa á allnokkrum hól og gæti þar verið að leita gamals selstæðis Ytri-Eyjarsels, en aðrar seltóftir (nr. 43) eru einnig um 310m norðvestar niður við flóann Keldu.

Ytri-Ey – 46

Sérheiti: (Ytri-Eyjarsel)

Hlutverk: Óþekkt/beitarhús/stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir


Ofan við hrygginn þar sem varðan (nr. 44) og meint smalabyrgi (nr. 45) standa tekur við sléttur bali „Ytri-Eyjarketill“ og „Fífulág“ í framhaldi hans til suðurs, í brekkunni þar fyrir ofan, um 310m ASA af selinu eru a.m.k. tvær tóftir á töluverðum hóli.

Lýsing

Norðari tóftin er óljósari og virðist fara undir hina að sunnan. Hún er tvískipt annars vegar lítið hólf að vestan sem snýr SV-NA og hins vegar stórt hólf, austan við sem snýr NV-SA og virðist fara undir vegg yngri tóftar (nr. 47) en óvíst er hve langt hún hefur náð til suðurs. Veggir eru með ávalar brúnir á bilinu 10-40sm háir, algrónir grasi og mosa, vesturhluti tóftarinnar er fremur óljós og þýfður og virðist tóftin hafa hrunið eitthvað saman. Tóftirnar standa á allnokkrum hóli undan brekkunni, hóllinn er að mestu óþýfður en umhverfis er þýfð og blaut brekka sem hallar til vesturs.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um beitarhús eða stekk að ræða þótt erfitt sé að segja til um það.



Ytri-Ey – 47

Sérheiti: (Ytri-Eyjarsel)

Hlutverk: Óþekkt/beitarhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Ofan við hrygginn þar sem varðan (nr. 44) og meint smalabyrgi (nr. 45) standa tekur við sléttur bali „Ytri-Eyjarketill“ og „Fífulág“ í framhaldi hans til suðurs, í brekkunni þar fyrir ofan, um 310m ASA af selinu eru a.m.k. tvær tóftir á töluverðum hóli.

Lýsing

Syðri tóftin er að því er virðist einföld og liggur NV-SA með dyr að því er virðist fyrir miðjum suðurvegg, hugsanlega hefur verið garði eftir endilöngu en það er óljóst. Veggir tóftarinnar eru 30-40sm háir, algrónir grasi og mosa, grjót sér á stöku stað. Tóftirnar standa á allnokkrum hóli undan brekkunni sem er að mestu óþýfður en umhverfis er þýfð og blaut brekka sem hallar til vesturs.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um beitarhús eða stekk að ræða þótt erfitt sé að segja til um það.

Ytri-Ey – 48

Sérheiti: Pálsbyrgi

Hlutverk: Kennimark/Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar frá 1974 segir í landamerkjalytingu: „[...] Þaðan [úr Hádegisvörðu] eru merki í Pálsbyrgi, sem er hlaðin varða upp á lágum klettum (c.a.



Mynd 14, varða, svonefnt Pálsbyrgi, efst á Kömbunum á norðaustur hornmerkjum Ytri-Eyjar gegnt Kambakoti, horft til vesturs.

hnéháum). Pálsbyrgi er upp á Kömbum. Í Pálsbyrgi eru hornmerki að norðaustan við Kambakot.“ (ÖKE: 1).

Lýsing

Varðan stendur á lágum kletti og er sjálf um 80-100sm há, ferkönntuð um 110-120sm á kant. Örlítið hefur hrunið úr henni að norðvestan en annars er hún stæðileg.

Aðrar upplýsingar

Varðan er nokkra metra norðan núverandi merkjagirðingar.

Horfnar minjar og óstaðsettar

Ytri-Ey - 49

Sérheiti: Ketilásgrund/ Ketilsásgrund/Ketilsárgrund

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar frá 1982 er landamerkjum jarðarinnar lýst svo: „Að norðan: Klettastapi, sem stendur í sjó sunnan Ófærubás, þaðan sjónhending í Gildru á Borgum, frá Gildru í garðlag norðan Dúfukots (Ketilsárgrund), sem er nú í dag ræktað tún, neðan Ytri-Eyjarnúps.“ (ÖIB: 1).

Lýsing

Hugsanlega eru Ketilásgrund og Dúfukot (nr. 37-40) einn og sami staðurinn eins og gert er ráð fyrir í áðurnefndri örnefnaskrá frá 1982 (ÖIB: 1) og stemmir það raunar ágætlega við lýsingu á staðsetningu Ketilásgrundar í sóknalýsingunni frá 1873 (SS I: 150-151).

Aðrar upplýsingar

Ólafur Olavíus nefnir eyðibýlin Ketilsásgrund milli Hafursstaða og Ytri-Eyjar og Steinkot telur bæði hafa farið í eyði 1707 (ÓO: 285). Í sóknalýsingu frá 1873 segir: „Ytriey er litlu utar við Ytrieyará beggja megin. [...] Þar eru eyðihjáleigur: Steinkot niður með ánni að utan við Strókastein einn, er á að hafa lagzt í eyði 1707, og Ketilsásgrund út og upp undan Ytriey, og sjást þar glögg mót fyrir allmiklu túnstæði. Olavíus nefnir „Ketilsaagrund“, og hafa ýmsir skilið svo, að þar hafi áður heitið Ketilsárgrund, og ætlað, að Kvíslin eða Ytrieyjará hafi áður heitið Ketilsá, en hvorki kemur áin úr neinum katli, enda mundi Olavíus þá hafa nefnt bæinn „Ketilsaaegrund“.“ (SS I: 150-151).

Ytri-Ey - 50

Hlutverk: Salerni/Náðhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Staðhættir eru ókunnir.

Aðrar upplýsingar

Í sóknarlýsingu frá 1873 er tekið fram undir liðnum „Búskaparlag“ að salerni sé á Ytri-Ey (SS I: 161). Í úttekt frá 1882 er náðhúsið talið upp með öðrum byggingum jarðarinnar, sagt úr timbri með tveimur sætum, en ekki er ljóst hvar það stóð eða hvort það var sambyggt öðrum húsum (Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatns-sýslu).

Ytri-Ey - 51

Hlutverk: Mókofi

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar frá 1974 segir: „Fyrir sunnan Eyjará var nokkurt tún og var það nefnt Skólatún. Um það mitt stóð timburhús það sem Arnórssen sýslumaður lét byggja. [...] Nokkru neðan við húsið stóð lítil kofi, nefndur mókofi. Í honum var geymdur mór fyrir skólann.“ (ÖKE: 2).

Aðrar upplýsingar

Um 70m vestan við skólahúsið og heldur sunnar er sýnt lítið hús á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar, en þar er það skilgreint sem hesthús (nr. 10). Hugsanlega er um sama hús að ræða þótt ekki sé það víst.

Ytri-Ey - 52

Sérheiti: „Norðari fjárhúsin“

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í úttekt á Ytri-Ey frá árinu 1882 er talað um fjárhús „norðari fjárhús uppá velli“ og þau sögð taka 40 kindur (Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).

Aðrar upplýsingar

Árið 1882 var húsið með níu stöðum til hliðanna og átta undir tveimur mænirásum. Hurð var á járnum við stafi með hespu og keng. Húsið var nýlegt að viðum, veggir gamlir en óbilaðir, en þakið var brunnið (Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu). Í úttektinni er klikkt út með því að tvær heytóftir hafi verið við öll þessi hús.

Ytri-Ey - 53

Sérheiti: „Miðfjárhúsin“

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í úttekt á Ytri-Ey frá árinu 1882 er talað um fjárhús „miðfjárhúsin“ og þau sögð taka 40 kindur (Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).

Aðrar upplýsingar

Árið 1882 var húsið með átta garðastoðum og 11 veggstoðum. Hurð var á járnum við stafi, með hespu og keng. Viður gamall sumpart og nokkuð fúinn, veggir gamlir en stæðilegir (Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu). Í úttektinni er klikkt út með því að tvær heytóftir hafi verið við öll þessi hús.

Ytri-Ey - 54

Sérheiti: „Syðstu húsin“

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í úttekt á Ytri-Ey frá árinu 1882 er talað um fjárhús „miðfjárhúsin“ og þau sögð taka 40 kindur (Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu). Hugsanlega hafa þessi hús verið þar sem fjárhúsin eru synd austan við bæ á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar (sjá nr. 5).

Aðrar upplýsingar

Árið 1882 var húsið með 11 hliðarstoðum og 10 garðastoðum. Tvær dyr eru fyrir húsinu báðar á járnum við stafi, með hespu og keng. Viður í húsinu var gamall að mestu leiti, veggir gamlir en ekki óstæðilegir, húsið var snarað fram og þakið hrunið á einum stað (Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu). Í úttektinni er klikkt út með því að tvær heytóftir hafi verið við öll þessi hús.

Ytri-Ey - 55

Sérheiti: „Hrútakofi“

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í úttekt frá 1882 er gerð grein fyrir hrútakofa á Ytri-Ey en ekki tiltekið hvar hann hafi staðið. (Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).

Aðrar upplýsingar

Árið 1882 er talað um hrútakofa á jörðinni og hann sagður taka 16 fullorðna hrúta. Húsið var með fjórum stoðum við vegg og þremur undir mænirás. Viður sumpart nýr en sumt gamalt, hurð á járnum við stafi, veggir nýjir og þakið einnig (Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu). Í úttektinni er klikkt út með því að tvær heytóftir hafi verið við öll þessi hús.

Ytri-Ey – 56

Sérheiti: Hádegisvarða

Hlutverk: Kennimark/Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar frá 1961 segir í landamerkjalyýsingu jarðarinnar: „Norðvesturhornmerki er Stapi út í sjó sunnanvert við Ófærubás, þaðan í stóran stein vestan í Grensás, þaðan í Grenshjallahöfuð, þaðan í grjóthrógu, sem áður mun hafa heitið Hádegisvarða, þaðan sjónhending í Pálsberg, sem er upp á Kömbum, og er það hornmerki að N.A. [...]“ (ÖBL: 1).

Lýsing

Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009.

Ytri-Ey – 57

Hlutverk: Kennimark/Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Eyjar frá 1974 segir í landamerkjalyýsingu: „Þaðan [frá Dúfukotu] sjónhending í steinbjarg, sem er vestan í Núpnunum, þaðan í vörðu á Grenshjallahöfði [...]“ (ÖKE: 1).

Lýsing

Varðan var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009.

Ytri-Ey – 58

Sérheiti: Tófugildra

Hlutverk: Tófu-/refagildra

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í sóknalyýsingu frá 1873 segir: „Ytriey er litlu utar við Ytrieyará beggja megin. Hún var áður 24 hndr., en er nú aðeins talin 14,6 hndr. Landamerki hennar að norðan eru frá kletti í sjá fyrir

sunnan Ófærubás í Tófugildru á Borgum, svo heita hamrar nokkrir skammt frá sjó [...]“ (SS I: 150-151).

Lýsing

Engin merku um refagildru fundust á svonefndum Borgum sumarið 2009.

Ytri-Ey – 59

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í sóknalýsingunni frá 1873 er alfaravegur sagður liggja „[...] rétt fyrir ofan Hafurstaði og Ytriey; rétt fyrir neðan Syðriey, Ytrahól og Höskuldsstaði og spölkorn fyrir neðan Kollugerðistjörn [...]“. (SS I: 159).

Lýsing

Vegurinn virðist hafa legið á svipuðum slóðum og hann gerir í dag, eftir svonefndum Melum (sbr. ÖKE: 3).

Ytri-Ey – 60

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í sóknalýsingunni frá 1873 segir: „Talið er, að Ytrihóll eigi úr miðri Lönguvík, sem svo er nefnd, eða úr Lönguvíkurgili og eftir garðlagi á svonefndri Kringlumýri, er glöggt sér merki til; þá í grjótvörðubrot í melhól neðanvert við reiðgötur (þingsvitni); [...]“. ¹⁷

Lýsing

Þetta vörðubrot fannst ekki við skráningu sumarið 2009.

¹⁷ *Sýslu- og sóknalýsingar I*, bls. 149.

Söguágríp Syðri-Eyjar og Eyjarkots



Mynd 15, horft til norðausturs heim að Syðri-Ey. Gamli bærinn og sambyggt fjós (nr. 1 og 2 í skýrslunni) stóðu á sömu slóðum og íbúðarhúsin og útihúsin sem þarna sjást (íbúðarhúsið byggt árið 1951). Ljósmynd: Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu.

Í *Húnaþingi* segir: „Sunnan við bæinn á Ytri-Ey er Leiti, bunguvaxin hæð. Á Leitinu og neðan þess eru smáhamrar og klettar – þar mun vera álfabyggð. Sunnan við Leiti eru bæirnir Eyjarkot og Syðri-Ey í sama túni, milli þeirra rennur Eyjarlækur. Neðan við bæina gengur Eyjarnes í sjó fram, var þar áður útræði, en fram undan er Eyjar-Ey, vel gróinn varphólmi.“¹⁸

Um landslag og landgæði Eyjarkots segir í *Húnaþingi*: „Bærinn stendur á leiti rétt ofan þjóðveggar norðan Syðri-Eyjarlæks. Klettabásar eru neðar og sunnan bæjar. Ræktunarmöguleikar ágætir.“¹⁹ Um Syðri-Ey segir: „Bærinn stendur sunnan við Syðri-Eyjarlæk, niður undan Syðri-Eyjarkjöl. Ræktunarskilyrði eru ágæt, útbeit góð. [...] Á Syðri-Ey var fyrrum fjölbýli. Sjósókn var stunduð úr Eyjarnesi – þar voru sjóbúðir.“²⁰ Hlunnindi á báðum bæjum eru æðarvarp og hrognkelsaveiði.²¹

Minnst er á Syðri-Ey (Ey) í máldögum frá árunum 1318, 1360, 1394 og 1461 og í skrá yfir hálfkirkjur og bænhús frá 1461 kemur fram að hálfkirkja sé „uppi“ á jörðinni þ.e. að húsið standi.²² Þá kemur jörðin fyrir í a.m.k. tveimur kaupbréfum frá 15. öld og fleiri bréfum frá fyrrihluta 16. aldar.²³ Í jarðabók frá 1708 segir um Syðri-Ey, þá ritað Sydre Ey, að þar hafi áður verið bænhús og messað þegar heimafólk meðtók sakramenti, en þá höfðu tíðir ekki verið veittar í þrjátíu ár eða lengur en húsið enn standandi.²⁴

¹⁸ *Húnaþing II*, bls. 114-115.

¹⁹ *Húnaþing II*, bls. 124.

²⁰ *Húnaþing II*, bls. 125.

²¹ *Húnaþing II*, bls. 124-125.

²² *Ísl. Fornbréfasafn V*, bls. 354.

²³ *Ísl. Fornbréfasafn II*, bls. 470; *Ísl. Fornbréfasafn III*, bls. 171, 532; *Ísl. Fornbréfasafn V*, bls. 344; *Ísl. Fornbréfasafn VI*, bls. 295, 513-514; *Ísl. Fornbréfasafn VII*, bls. 602-603; *Ísl. Fornbréfasafn VIII*, bls. 583-584, 726; *Ísl. Fornbréfasafn IX*, bls. 184-185, 489, 492-493; *Ísl. Fornbréfasafn X*, bls. 612-613.

²⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, bls. 439.

Jörð	Ártal	Eigandi	Jarðamat	Landskuld	Kúgildi
Syðri-Ey	1686 ²⁵	Bændaeign	60 hdr.	3 hdr.	-
Syðri-Ey	1696 ²⁶	Bændaeign	60 hdr.	3 hdr.	10
Sydre Ey	1708 ²⁷	Bændaeign	40 hdr.	90 al. +	4 ½ +
Efrakot	1708 ²⁸	Bændaeign	10 hdr.	50 al.	2
Neðrakot	1708 ²⁹	Bændaeign	10 hdr.	40 al.	1 ½
Ólafshjáleiga	1708 ³⁰	eyðihjáleyga	-	-	-
Ytri-Ey og Eyjarkot	1847 ³¹	Bændaeign	60 hdr.	1 hdr. 60 al.	6
(samkv. hreppstjóra)	1847 ³²		-	3 hdr.	4
Ytri-Ey og Eyjarkot	1861 ³³	Bændaeign	117 hdr.		

Torfrista og stunga var sögð sæmleg í landi Syðri-Eyjar og móskurður til eldiviðar sagður hafa verið en var ekki lengur brúkaður. Bæði dún- og eggjatekja var í Eyjar-Ey en var sögð bregðast mjög undanfarið og vera að litlu gagni. Selveiðivon var sögð í betra lagi og oft að gagni þegar ekki var hafís. Rekavon var lítil. Söl voru sögð lítil að fá í fjörinni og að litlu gagni nema hvað vera kann fyrir kvikfé þegar hafís lá ekki að landi. Túninu spyllti lækur sem bar í það grjót og sand og bænum var einnig hætt af vatnsgangi úr læknum sem fyllti hann stundum af vatni. Engjar voru sagðar litlar og snöggar og bregðast oftlega. Grjótuppgangur var sagður spilla túninu á Neðrakoti og aukast árlega. Heimræði var stundað vor, sumar og haust við góða lendingu, en skip voru eins mörg og ábúandi gat við komið en sjaldnast voru þau þó fleiri en eitt.³⁴

Kotbýli, hjáleigur og sel

Árið 1708 var jörðin þrískipt, heimajörðin *Syðri-Ey* og svo *Efrakot* og *Neðrakot* og sinn eigandinn að hverju býli. Túnum og engjum var skipt með gördum.³⁵

Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Í tíð maddömu Elísabetar [Knudsen d. 1913] voru á Syðri-Ey auk Eyjarkots heimahjáleigurnar Suðurbær, Háibær, Skemmubær og Auga. Ef til vill hafa einhverjir þeirra staðið á rústum Efrakots, Neðrakots og Ólafshjáleigu, sem nefnd eru í jarðabók Árna Magnússonar. Hverfi þetta var kallað Eyjartorfa.“³⁶

Við þetta má bæta *Ósvíkurbúð* sem talin er upp ásamt öðrum eyðibýlum í landi Syðri-Eyjar í sóknarlýsingu frá árinu 1873 og *Norðurbær* kemur fyrir úttekt á Syðri-Ey frá árinu 1874 og eru bæjarnöfnin því alls tíu að undan skilinni sjálfri heimajörðinni.³⁷

Í örnefnaskrá Syðri-Eyjar segir: „Austan við Kvísl byrjar Dynfjall, vestan í því norðarlega stóð Syðri-Eyjarsel, þar sunnan við Sellækur, þá heita Breiðar suður að Þúfnalæk, þar suður af Bingir, sunnan við þá Kaldilækur, og eru merkin um hann milli Höskuldsstaða og Syðri-Eyjar.“³⁸

²⁵ Björn Lárusson (1967), bls. 240.

²⁶ Björn Lárusson (1967), bls. 240.

²⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, bls. 439.

²⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, bls. 440.

²⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, bls. 440.

³⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, bls. 441.

³¹ *Jarðatal á Íslandi*, bls. 245.

³² *Jarðatal á Íslandi*, bls. 245.

³³ *Ný jarðabók*, bls. 90.

³⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, bls. 440-441.

³⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, bls. 439.

³⁶ Páll Kolka (1950), bls. 52.

³⁷ *Sýslu- og sóknalýsingar I*, bls. 150-151; Úttekt á Syðri-Ey frá 1874.

³⁸ Örnefnaskrá Syðri-Eyjar [óvíst hver skráði], 1961, eftir Árna Daníelssyni. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

Mannfjöldi

Manntöl	1703	1835	1840	1845	1850	1855	1860	1870	1890	1901
Syðri-Ey		15	25	15	21	30	30	17	7	18
Eyjarkot	6				4	7	6	10	5	4


Nöfn hinna kotanna komu ekki upp við leit í Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands.³⁹



Mynd 16, horft til suðausturs á íbúðarhúsið á Eyjarkoti (byggt árið 1962), bak við sér í útihús sem nú eru notuð sem hesthús og standa á gamla bæjarstæðinu. Ljósmynd: Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu.

³⁹ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, www.mamntal.is. Skoðað 3.5.2010.

Fornleifaskrá



Mynd 17, túnakort af Syðri-Ey mælt upp á fyrri hluta 20. aldar lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minja í skýrslunni, nr. 1 er gamli bærinn o.s.frv. Á kortinu eru aðeins sýndar þær minjar sem fram koma á túnakortinu þótt fleiri hafi verið skráðar í heimatúninu. Yfirlitsmynd af uppmældum minjum í heimatúni er aftast í skýrslunni.

Syðri-Ey – 1

Sérheiti: Syðri-Ey

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar (sjá hér að ofan) þá hefur gamli bærinn náð yfir álíka svæði og núverandi íbúðarhús og steipt útihús austan þeirra.

Lýsing

Nú sér ekkert eftir af gamla bænum.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá árinu 1874 er lýst húsum á svonefndum Norðurbæ og í annarri úttekt frá sama ári er lýst húsum á öðrum ónefndum jarðarparti Syðri-Eyjar. Ekki er ljóst hvar þessi hús hafa staðið en hvort tveggja hafa verið litlar húsasamstæður. Á Norðurbæ var þriggja stafgólfa baðstofa og stofa á móti, bæjardyr á milli og göng að búrið og eldhúsi. Á hinum partinum var tveggja stafgólfa baðstofa við enda krókganga en búr og eldhús undir einu þaki (Úttektir á Syðri-Ey 1874, óprentuð handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga).



Mynd 18, horft til suðausturs á núverandi íbúðar og útihús á Syðri-Ey. Gamli bærin og sambyggt fjós stóðu á svipuðum slóðum og að auki stóð skemma á bæjarhlaðinu, u.þ.b. við suðvesturhorn núverandi íbúðarhúss, þar sem trén eru lengst til hægri á myndinni.

Syðri-Ey – 2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt fjós sambyggt við gamla bæinn á Syðri-Ey.

Lýsing

Nú sér ekkert eftir af gamla bænum.

Syðri-Ey – 3

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnd skemma á bæjarhlaðinu suðvestan við gamla bæinn, og virðist hún hafa staðið þar sem nú er garður við suðvesturhorn íbúðarhússins.

Lýsing

Þarna er í dag blóma og trjágardur og leifar þessarar skemmu ekki sýnilegar á yfirborðinu.

Syðri-Ey – 4

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnd heimreið á sama stað og hún er í dag.

Lýsing

Nú er þarna uppbyggður malarvegur og sér ekkert eftir af gömlu heimreiðinni. Hins vegar er gamalgróin slóð til norðurs frá bænum heim að Syðri-Eyjarkoti.



Mynd 19, gamli matjurtagarðurinn á Syðri-Ey stóð á sama stað og nú er afgirtur reitur með nokkrum trjáhríslum og rabbabarabeðum, gamli garðurinn náði þó um helmingi lengra til suðurs. Horft er til norður með, Eyjarkot er í baksýn.

Syðri-Ey – 5

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Miðað við túnakort frá fyrrihluta 20. aldar (sjá hér að ofan) þá hefur verið matjurtagarður á sama stað og trjáreiturinn er í dag norðan við íbúðarhúsið á Syðri-Ey.

Lýsing

Trjáreiturinn er um 11x12m á kant, og er í norðurhluta gamla matjurtagarðsins sem hefur náð um helmingi lengra til suðurs og verið um 23m langur og breikkað til suðurs, mest um 15m breiður.

Syðri-Ey – 6

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt hesthús um 130m norðaustur af bænum í túninu um 160m austur af Eyjarkotsbænum. Um 25m norðvestur af öðru hesthúsi (nr. 7).

Lýsing

Þarna er nú tún og engin merki um þetta hús fundust á vettvangi sumarið 2009.

Syðri-Ey – 7

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt hesthús um 150m norðaustur af bænum í túninu um 190m aust-suðaustur af Eyjarkotsbænum. Um 25m suðaustur af öðru hesthúsi (nr. 6).

Lýsing

Þarna er nú tún og engin merki um þetta hús fundust á vettvangi sumarið 2009.



Mynd 20, horft til norðurs yfir leifar fjárhúsa (nr. 8) uppá brekkustallinum í austurjaðri heimatúnsins á Syðri-Ey.

Syðri-Ey – 8

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft/dældir

Staðhættir


Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt fjánhús um 100m suðaustur af bæ á Syðri-Ey.

Lýsing

Meðfram austurbrún gamla túnsins er hár brekkustallur og klapparhryggir á honum að norðan og sunnan. Upp á stallinum um 100m suðaustur af bæ sér greinilega móta fyrir veggjum og dældum fjárhússins, sem þó hefur verið sléttað. Dældirnar eru um 20-40sm djúpar, veggirnir ávalir en vel greinanlegir með um 10-20sm háar útbrúnir. Þarna virðast hafa staðið einföld garðahús, með dyr til vesturs og hlöðu austan við.

Aðrar upplýsingar

Þessi hús voru rifin um 1950 (munnl. heimild Daníel H. Magnússon, 22.6.2009).



Mynd 21, horft til suðurs yfir tóftir fjárhúsa (nr. 10) uppá brúninni í austurjaðri heimatúnsin á Syðri-Ey.

Syðri-Ey – 9

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft/dældir

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt fjánhús um 130m suðaustur af bæ á Syðri-Ey, um 12m suðaustur af leifum fjárhúsa nr. 8.

Lýsing

Óljóst sér móta fyrir veggjum og dældum fjárhússins, sem hefur verið sléttað. Dældirnar eru um 10-30sm djúpar, veggirnir ávalir mest um 10sm háar að utanverðu. Þarna virðast hafa staðið einföld garðhús með dyr til vesturs og hlöðu austan við og einhverskonar kofi eða einhölukró meðfram fjárhúsunum að sunnan (sjá nánar teikningu hér að ofan).

Aðrar upplýsingar

Þessi hús voru rifin um 1950 (munnl. heimild Daníel H. Magnússon, 22.6.2009).

Syðri-Ey – 10

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft/dældir

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt fjánhús um 150m suðaustur af bæ á Syðri-Ey, um 20m suður af leifum fjárhúsa nr. 9.

Lýsing

Glögglega sér móta fyrir dældum, um 20-40sm djúpum en veggirnir eru óljósari um 10-30sm háir að utan. Þarna virðast hafa staðið tvöföld garðhús, eða samstæðuhús, með dyr til vesturs og hlöðu austan við (sjá nánar teikningu hér að ofan).

Aðrar upplýsingar

Þessi hús voru rifin um 1950 (munnl. heimild Daníel H. Magnússon, 22.6.2009).

Syðri-Ey – 11

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýndar útbrúnir heimatúnsins á Syðri-Ey eins og þær voru þá. Á kortinu er sýnd girðing að vestan en að því er virðist torfgarður að suðaustan, austan og norðaustan.

Lýsing

Í suðausturjaðri túnsins er nokkuð stæðilegt garðlag sem liggur nálega norður suður upp á klapparbrúnina sem er meðfram túninu að austanverðu. Garðurinn er mjög greinilegur á um 50m kafla, 30-120sm hár og á bilinu 1-2m breiður. Lítil tóft (nr. 12) er upp við garðinn innanverðan fyrir miðju. Í framhaldinu til norðurs er garðurinn óljósari en sést þó glögglega bak við bak við fjárhúsin (nr. 10) á um 50m kafla en hverfur svo alveg bak við næstu fjárhús (nr. 9). Hlaðinn túngarður verður ekki greindur aftur fyrr en norðan við bæjarlækinn, þar sem hann er undir girðingu vestan við kartöflugarðinn. Þar er um 50m langur mjög greinilegur kafli sem passar að hluta til við jaðar túnsins eins og hann er sýndur á túnakortinu. Þá er óljós hryggur í túninu norðan lækjar norðan við íbúðarhúsið á Syðri-Ey. Hryggurinn er um 10-20sm hár og um 4m breiður og liggur austur vestur og sést á um 50m kafla.

Aðrar upplýsingar

Líklega eru þessar garðslitrur frá fleiri en einu tímabili þótt þeir hafi í sameiningu markað útbrún túnsins eins og það var þegar túnakortið var gert á fyrri hluta 20. aldar. Þannig virðist garðurinn undir girðingunni að norðaustan yngri en aðrir hluta garðsins og suður hluti hans er ekki sýndur á túnakortinu. Þá er syðsti kaflinn austan við meint bæjarstæði bæjarins Auga

samkvæmt Daníeli H. Magnússyni (munnl. heimild. 22.06.2009) og gæti því verið byggður á eldri garði.

Syðri-Ey – 12

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Við suðausturjaðar gamla túnsins á Syðri-Ey er garðlag sem liggur nálega norður suður upp á brekku og klapparbrún sem er meðfram austanverðu túninu. Garðurinn sést vel á um 50m kafla en fyrir honum miðjum að vestanverðu er lítil tóft.

Lýsing

Tóftin er örlítið niðurgráfin, með um 30sm háa og um 50sm breiða vegg, alls um 2x3m að innanmáli með dyr til suðurs.



Syðri-Ey – 13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftir eru uppá brekkustalli beint austur af bæ á Syðri-Ey, sunnan við bæjarlækinn. Nyrst er fremur greinileg lítil tóft (nr. 13).

Lýsing

Tóftin snýr austur vestur, einföld og með dyr til suðurs, um 6x4,5m í ummál. Veggirnir eru 30-60sm háir. Tóftin virðist vera að hluta til á eldri minjum.

Syðri-Ey – 14

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftir eru uppá brekkustalli beint austur af bæ á Syðri-Ey, sunnan við bæjarlækinn. Nyrst er fremur greinileg lítil tóft (nr. 13), vestan við hana eru óljósari veggjaleifar að því er virðist af eldri tóft (nr. 14).

Lýsing

Tóftin er fremur óljós og virðist tóft nr. 13 fara yfir austurhluta hennar. Dyr virðast hafa verið til vesturs. Veggirnir eru ávalir og grónir 20-50sm háir.



Syðri-Ey – 15

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftir eru uppá brekkustalli beint austur af bæ á Syðri-Ey, sunnan við bæjarlækinn. Nyrst er fremur greinileg lítil tóft (nr. 13), vestan við hana eru óljósari veggjaleifar að því er virðist af eldri tóft (nr. 14) sem virðist liggja yfir norðurvegg annarrar tóftar.

Lýsing

Tóftin er aflöng frá norðri til suðurs og stendur heldur lægri en hinar, gæti verið niðurgrafin. Tóft nr. 14 virðist liggja yfir norðurvegg hennar, dyr gætu hafa verið syðst á austurvegg. Veggir eru algrónir á bilinu 30-40sm háir.

Syðri-Ey – 16

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftir eru uppá brekkustalli beint austur af bæ á Syðri-Ey, sunnan við bæjarlækinn. Syðst, fast sunnan við tóft nr. 15 er önnur nokkuð skýr tóft (nr. 16).

Lýsing

Tóftin snýr austur vestur með dyr útúr suðvestur horni. Tóftin virðist tvískipt, með lítið hólf að austan, þetta gæti þó einnig verið afleiðing veggbruns. Veggir eru á bilinu 30-40sm háir, fremur ávalir og algrónir grasi.



Syðri-Ey – 17

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Garðlag

Staðhættir

Austan við bæ á Syðri-Ey er brekkustallur sem liggur meðfram austurhlið túnsins, nyrst og syðst í honum eru klettur og klapparhryggir. Undir þeim að norðan eru nokkur garðlög, hugsanlega leifar einhvers konar matjurtagarða, en hluti þeirra gæti einnig verið túngarðsleifar.

Lýsing

Garðlögin liggja flest eftir brekkunni, norður suður.



Syðri-Ey – 18

Hlutverk: Óþekkt (fjárhús?)

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan við bæ á Syðri-Ey er brekkustallur sem liggur meðfram austurhlið túnsins, nyrst og syðst í honum eru klettur og klapparhryggir. Austan við þá að norðan, um 20m SSA af tóft nr. 16 er óljós gamallæg tóft undir grónu barði.

Lýsing

Tóftin er um 16m löng og 5m breið. Nyrst er lítið hólf og sunnan við það annað aflangt með mögulegum garða í miðjunni. Svo virðist sem hrúnið hafi inni tóftina að sunnan og er innra fyrirkomulag þar óljóst, þó virðist mega greina þar dyr útúr tóftinni til vesturs.

Syðri-Ey – 19

Hlutverk: Óþekkt (leikstaður barna)

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 200m austur af bæ á Syðri-Ey, fast norðan við vegslóðan sem liggur til austurs meðfram sunnanverðu lækjargilinu, er óljós hleðsla eða steinlögn.

Lýsing

Um er að ræða ferhyrnda litla steinlögn, um 2x1,2m á kant og snýr norður suður. Steinunum er raðað í einfalda röð sem mynda þrjú lítil hólf, líkt og lítið fjárhús með hlöðu.



Mynd 22, horft til vesturs yfir steinlögn nr. 19, líklega er hér um að ræða leikstað barna.

Syðri-Ey – 20

Hlutverk: Óþekkt (rétt/stekkur?)

Tegund: Tóft


Staðhættir

Út við sjó um 800m suðvestur af bæ á Syðri-Ey er tóft og garðlög.

Hættumat: Tóftin stendur alvega fram á klettabrún og er að hluta til farinn í sjó.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, að norðan er lítið hólf og sunnan við stærra hólf sem hefur að hluta brotnað í sjó. Upphafleg stærð tóftarinnar er því óþekkt, en það sem eftir stendur er 12x8m að ummáli. Hugsanleg er um réttar- eða stekkjjarleifar að ræða. Veggirnir eru vel greinanlegir um 40-60sm háir og algrónir grasi.



Syðri-Ey – 21

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Út við sjó um 800m suðvestur af bæ á Syðri-Ey er tóft og garðlög.

Hættumat: Norðvesturendi garðsins endar út við klettabrún og hefur hluti hans horfið í sjó og skurður fer þvert í gegnum mitt garðlagið.

Lýsing

Garðlagið er um 45m langt þar sem það liggur frá NV til SA, þar er garðurinn um 1m breiður og 20-30sm hár, sunnan við skurðinn er garðurinn allt að 3m breiður og 70sm hár. Garðurinn er algróin og nokkuð þýfður. Út frá honum miðjum norðan við skurðin liggur annað garðlag, um 150sm og 20-30sm hátt, og sést á um 17m kafla til norðausturs. Á lofmynd virðist mega greina óljóst framhald af garðlaginu í aflangan hring sem endar fast norðan við tóft nr. 20. Þetta sást hins vegar ekki á vettvangi og rétt að hafa fyrirvara á því.

Syðri-Ey – 22

Hlutverk: Óþekkt/heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Óljós tóft er út við sjó beint vestur af bæ á Syðri-Ey.

Lýsing

Tóftin er byggð upp við einhversskonar garðlag að austan sem nær norður og suður fyrir hana. Veggir eru þýfðir og óljósir 20-30sm háir.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega eru þetta leifar af heygarði eða heytóft, þar sem hey af engjum hefur verið þurrkað og tekið saman.



Eyjarkot



Mynd 23, horft til norðausturs heim að Eyjarkoti (Syðri-Eyjarkoti). Gamli bærinn stóð á svipuðum slóðum og hesthúsin (til hægri á myndinni).

Í Jarðatali J. Johnsen frá árinu 1847 er auk Syðri-Eyjar nefnd hjáleigan Syðri-Eyjarkot⁴⁰ sem samkvæmt sóknarlýsingu frá 1873 kemur fyrst fyrir í heimildum frá árinu 1837.⁴¹ Þar segir enn fremur að Eyjarkot sé talið ¼ hluti heimajarðarinnar að fornu og nýju og sé sama og Efrakot sem kemur fyrir í eldri heimildum.⁴² Í grein Hjördísar Gísladóttur um eyðibýli í Húnaþingi er Eyjarkot hins vegar sagt sama og Neðrakot en Efrakot það sama og Háibær.⁴³

Syðri-Ey – 23

Sérheiti: Eyjarkot

Hlutverk: Hífbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hefur bærinn á Eyjarkoti staðið á svipuðum slóðum og hesthúsið sem nú stendur suðaustur af núverandi íbúðarhúsi.

Lýsing

Engar minjar um gamla bæinn fundust á yfirborði við vettvangsskráningu 2009. Hins vegar var skráð hringlaga mannvirki skammt suður af hesthúsréttinni (sjá nr. 30 hér að neðan).

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá árinu 1873 var baðstofan á Eyjarkoti sögð fjögur stafgólf 9 ¼ x 5 ¼ al. að innanmáli með hálfpílstafrn úr timbri að norðan og pílstafrn að sunnan. Baðstofan var alþiljuð

⁴⁰ Jarðatal á Íslandi, bls. 245.

⁴¹ Sýslu- og sóknalýsingar I, bls. 150.

⁴² Sýslu- og sóknalýsingar I, bls. 150-151.

⁴³ Hjördís Gísladóttir (1989), bls. 286.

með hefluð borð í gólfi og skarsúð í lofti. Þá var afþiljað hús innan baðstofunnar. Í þilstafninum var tvöfaldur sexrúðugluggi og þrjár tveggjarúðugluggar voru í frambaðstofunni. Fimm rúm fylgdu. Búrið á bænum var 5x7 al. að innanmáli, allt undir skarsúð. Tveir einnarrúðugluggar voru í búrinu. Gamla eldhúsið var 5x3 al. að innanmáli. Eldhúsið var 5x8 al. að innanmáli með slagþil að framan úr heilum borðum. Bæjardyr voru 6x5 al. með standþil að innan. Þrjár litlar rúður ofan við dyrnar og sexrúðugluggi á þilinu norðan við. Fjós var tengt bænum með ranghala, einhölufjós, yfir þrjár kýr (Úttekt á Eyjarkoti frá 1873. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).

Syðri-Ey – 24

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru bær og fjós sýnd sambyggð á Eyjarkoti.

Lýsing

Engar minjar um gamla bæinn fundust á yfirborði við vettvangsskráningu 2009. Hins vegar var skráð hringlaga mannvirki skammt suður af hesthúsréttinni (sjá nr. 30 hér að neðan).

Aðrar upplýsingar

Í úttekt á Eyjarkoti frá árinu 1873 kemur fram að þá hafi fjós verið tengt bænum með ranghala, einhölufjós yfir þrjár kýr (Úttekt á Eyjarkoti frá 1873. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).

Syðri-Ey – 25

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Gata

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnd heimreið frá bænum á Eyjarkoti til norðurs.

Lýsing

Enn sér mót fyrir heimreiðinni á um 35m kafla þar sem hún liggur til norðausturs frá núverandi íbúðarhúsi í átt að útihúsunum norðan bæjar.

Syðri-Ey – 26

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Hóll/dældir

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt fjánhús um 85m norðaustur af bæ á Eyjarkoti. Þar er svolítill hávaði eða lágur hóll í túninu með dældum.

Lýsing

Búið er að slétta úr minjunum sem þarna voru og teygir hóllinn sig til norðvesturs en tvær samsíða dældir eru í suðurhluta hans. Dældirnar eru með ávölum brúnum, um 10-20sm djúpar, en hávaðinn um 50-60sm hærri en umhverfið. Ekki er hægt að gera sér grein fyrir innra fyrirkomulagi þessara húsa að öðru leyti en sjá má af teikningunni (sjá yfirlitskort af heimatúninu í fylgiblöðum aftast í skýrslunni).

Aðrar upplýsingar

Í úttekt á Eyjarkoti frá árinu 1873 er sagt fjánhús yfir 40 kindur með átta garðastoðum (Úttekt á Eyjarkoti frá 1873. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu). Samkvæmt Daníel Magnússyni voru þessi hús rifin fyrir um 20-25 árum (munnleg heimild, 22.06.2009).

Syðri-Ey – 27

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt hesthús um 100m austur af bæ á Eyjarkoti.

Lýsing

Þarna er nú slétt tún og engin merki um byggingar fundust á yfirborðinu sumarið 2009.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt á Eyjarkoti frá árinu 1873 er sagt hesthús yfir þrjá hesta á jörðinni (Úttekt á Eyjarkoti frá 1873. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).

Syðri-Ey – 28

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýndur matjurtagarður út við túnjaðarinn vestan við bæ á Eyjarkoti.

Lýsing

Þarna eru lágar klappir og klettanibbur í brekku sem hallar til vesturs, leifar þessa garðs fundust ekki á vettvangi sumarið 2009.

Syðri-Ey – 29

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru útlínur heimatúnsins á Eyjarkoti sýndar. Af því má sjá að girðing hefur verið meðfram túninu að vestan og norðan en að því er virðist garðlag að austan og suðaustan til móts við túnjaðar Syðri-Eyjar.

Lýsing

Greinilegur torfhlaðinn garður er sýnilegur í norðvesturhorni gamla túnsins. Þar hefur greinilega verið girt ofan á torfhlöðnum garði. Þessi hluti garðsins er á bilinu 120-150sm breiður og 40-60sm hár. Þá sést hryggur í túninu suðaustan við bæ þar sem garðlag skyldi að tún Eyjarkots og Syðri-Eyjar norðan bæjarlækjarins á Syðri-Ey. Um 10-20sm hátt og allt að 4m breitt (sjá einnig lýsingu á túngarði Syðri-Eyjar, nr. 11 og yfirlitskort yfir heimatún Eyjarkots í fylgiskjöllum aftast í skýrslunni).



Mynd 24, horft til suðurs yfir hringlaga mannvirki (nr. 30) suður af hesthúsi og rétt á Eyjarkoti. Í baksýn eru íbúðar- og útihús á Syðri-Ey.

Syðri-Ey – 30

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Næsta hringlaga mannvirki er á grónum klapparhól suður af hesthúsi og rétt sem er suðaustur af íbúðarhúsinu á Eyjarkoti, skammt suður af gamla bæjarstæðinu.

Lýsing

Tóftin er ögn aflöng frá norðri til suðurs og virðast dyr eða hlið hafa verið til norðvesturs. Veggir eru á bilinu 50-60sm háir og 1,5-2,5m breiðir, ávalir og algrónir grasi.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um rétt að ræða.



Mynd 25, horft til norðvesturs eftir gili bæjarlækjarins á Syðri-Ey. Uppí brekkunni að norðan (til hægri) er matjurtagarður (nr. 31) frá Eyjarkoti þvert yfir gilið fjær (til vinstri á myndinni) eru leifar túngarðsins umhverfis túnið á Syðri-Ey.

Syðri-Ey – 31

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Leifar matjuragarðs eru upp með bæjarlæknum að norðaverðu um 250m ASA af gamla bæjarstæðinu á Eyjarkoti.

Lýsing

Garðurinn stendur í svolitlum halla til suðurs og er um 30x15m að ummáli með hlið fyrir miðri vesturhlið. Veggir eru 0,4-1m háir og um 1m breiðir. Nokkuð rof er við girðinguna sem liggur eftir suðurveggnum og fer svo þvert yfir miðjan garðinn, en kindagata liggur meðfram girðingunni þvert yfir garðinn. Austurhluti matjurtagarðsins er nær algjörlega uppblásinn og sér í beran mel í þeim hluta garðsins, en að öðruleyti er hann gróinn.

Syðri-Ey – 32

Hlutverk: Óþekkt/túngarður


Tegund: Garðlag

Staðhættir

Vestan Skagavegar vestur af bæ á Eyjarkoti er garðlag norðan við túnið sem þar er.

Lýsing

Garðlagið sést frá veginum til vestur og sveigir svo til suðurs að túnjaðrinum, þar sem það hverfur. Það er 20-30sm hátt að norðan en um 1m að sunnan og á bilinu 2-3m breitt. Garðurinn er algróin grasi og ögn þýfður.



Mynd 26, horft til suðvesturs yfir tóft (nr. 33) milli tveggja kletta vestur af bæ á Eyjarkoti.

Syðri-Ey – 33

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Milli tveggja kletta vestan Skagavegar, vestur af bæ á Eyjarkoti eru tóftaleifar.

Lýsing

Tóftin er byggð upp við „gaflmyndaðan“ klett að vestan, annað hólf er upp við minni klett að austan. Um 8m eru á milli klettanna. Veggir eru grasi grónir, um 40-50sm háir, og hugsanlega klöpp í tóftargólfinu að austan sem gróið hefur yfir. Hvort innveggir gefi rétta mynd af upprunalegu útliti byggingarinnar er óljóst þar sem um hrun gæti verið að ræða.

Syðri-Ey – 34

Hlutverk: Óþekkt/garðlag

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Tæpa 90m vestan Skagavegar vestur af bæ á Eyjarkoti er garðlag norðan við túnið sem þar er, um 30m vestur af tóft nr. 33.

Lýsing

Garðlagið er að mestu horfið en þó sést brot af því glögglega um 5m langt, um 1m breitt og 50-60sm hátt. Líklega hefur garðlagið legið til suðurs og verið sléttað undir túnið sem þar er. Að norðan sést örlítið móta fyrir framhaldi af garðinum en hann virðist hafa orðið uppblæstri að bráð þótt nú séu klappirnar að mestu orðnar grónar aftur.

Syðri-Eyjarnes

Í örnefnaskrá Syðri-Eyjar frá 1961 segir: „Á Syðri-Eyjarnesi voru fyrrum verbúðir, og sézt enn fyrir tóftarústum þar.“ (ÖAD: 1). Þurr og fremur gróskumikið mólendi er á Eyjarnesi, þar er töluverður fjöldi tófta, m.a. greinilega naust og uppsátur. Samkvæmt Páli Kolka var útróður þar frá fornu fari en því virðist hafa verið hætt fyrir 1950 (PK: 58).



Mynd 27, minjar á af Eyjarnesi.

Syðri-Ey – 35

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Á Eyjarnesi um 20m suðaustur af steinsteyptum skúr sem þar stendur er lágur tóftahóll og yngri tóft á honum (nr. 36).

Lýsing

Hóllinn er algróinn um 30-140sm hár, að suðvestan virðist vera óljós veggstubbur en að öðru leyti er engin tóftarmynd á hólnum. Þarna er þó líklegt að séu eldri minjar undir tóftinni sem nú er á hólnum (nr. 36).



Mynd 28, horft til norðurs yfir tóftahól (nr. 35) og tóft (nr. 36) (hægra megin við miðju) á Eyjarnesi.

Syðri-Ey – 36

Hlutverk: Óþekkt (stekkur?)

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á Eyjarnesi um 20m suðaustur af steinsteyptum skúr sem þar stendur er lágur tóftahóll og hugsanleg stekkjartóft efst á honum.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, veggir eru um 40-50sm háir algrónir grasi og með ávalar brúnir.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um stekk að ræða, litla rétt og lambakró, þótt ekki sé það víst. Á litla nesinu suður af tóftunum nr. 35 og 36 virðist vera gamalt girðingarstæði en ekki er um eiginlegt garðlag eða torfhleðslu að ræða.

Syðri-Ey – 37

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á Eyjarnesi um 2m norðaustur af steinsteypum skúr sem þar stendur er lítil tóft.

Lýsing

Tóftin gæti verið tvískipt með dyr út til vesturs. Veggir er um 40-50sm háir, algrónir grasi og mosa og með ávalar brúnir.

Syðri-Ey – 38

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fast suðvestan við steinsteypnan kofa á Eyjarnesi er aflöng tóft.

Lýsing

Um 19m langur bakki liggur til vesturs frá suðvesturhorni kofans. Bakkinn er um 70sm hár og upp að honum að sunnan koma að því er virðist veggir, um 10-20sm háir og hlaðinn grjótkantur er meðfram vesturhliðinni, einföld röð af fremur stæðilegum steinum. Lögum þessa mannvirkis er að öðruleyti óljós.



Mynd 29,horft til austurs yfir tóft nr. 38.

Syðri-Ey – 39

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Um 15m norðvestan við steinsteypnan kofa á Eyjarnesi er lágur tóftalegur hóll (nr. 39) og lítil tóft (nr. 40) upp á honum.

Lýsing

Hóllinn er um 30-40sm hærri en umhverfið, hann er fremur ólögulegur um 9x10m á kant og snýr norðaustur-suðvestur. Svo virðist sem torf hafi verið tekið umhverfis hólinn.

Syðri-Ey – 40

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 15m norðvestan við steinsteyptan kofa á Eyjarnesi er lágur tóftalegur hóll (nr. 39) og lítil tóft (nr. 40) upp á honum.

Lýsing

Tóftin er lítil og einföld með dyri til vesturs. Veggir eru 20-30sm hærri en hólinn og um 50-60 sm hærri en umhverfið.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um sjóbúð eða hjall að ræða.



Mynd 30, horft til suðausturs yfir tóft nr. 40 á Eyjarnesi.

Syðri-Ey – 41

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 23m vestan við steinsteyptan kofa á Eyjarnesi eru óljósar tóftir, hugsanlega gömul uppsátur (nr. 41) og eitt yngra ofan á hinum (nr. 42).

Lýsing

Óljós veggjalög virðast vera þarna undir yngri tóft. Eldri minjarnar eru um 20x6m frá austri til vesturs. Vestast er líkt og tvö stæði fyrir báta opin til suðurs niður í litla vík. Þriðja stæðið er með stæðilegri veggjum og virðist yngra (nr. 42). Hægra megi við það eru enn óljós veggjalög að því er virðist í framhaldi af hinum eldri, erfitt er að átta sig á lögun þeirra en þarna gæti verið lítil tóft með dyr vestast á suðurvegg. Veggir þessarar gömlu tóftar eru á bilinu 10-40sm háir, ávalir og algrónir grasi.

Syðri-Ey – 42

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 23m vestan við steinsteyptan kofa á Eyjarnesi eru óljósar tóftir, hugsanlega gömul uppsátur (nr. 41) og eitt yngra ofan á hinum (nr. 42).

Lýsing

Tóftin stendur í svolitlum halla til suðurs og er aflöng frá norðri til suðurs, opin til suðurs niður í litla vík. Veggirnir eru um 30-50sm háir, ávalir og algrónir grasi.



Mynd 31, ein af lendingunum við Eyjarnes. Víkin neðan við tóftir nr. 42-43.

Syðri-Ey – 43

Hlutverk: Óþekkt/uppsátur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestast á Eyjarnesi eru leifar nokkurra mannvirkja, uppsátra og nausta.

Hættumat: Syðsta tóftin er að stærstuleyti farin í sjó og mikil hætta er á frekari skemmdum vegna landbrots.

Lýsing

Það sem eftir er af henni er ekki mikið en þó má sjá grjóthleðslur í út- og innbrúnum um 1m breiðra veggja sem eru um 20-30sm hærrí en umhverfið.



Mynd 32, horft til norðausturs eftir girðingu á vesturbrún Eyjarness, þarna sjást leifar uppsátra sem eru að hverfa í sjóinn (nr. 43-45).

Syðri-Ey – 44

Hlutverk: Óþekkt/uppsátur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestast á Eyjarnesi eru leifar nokkurra mannvirkja, líklega uppsátra og nausta.

Hættumat: Þessi tóft er að mikluleyti farin í sjó og mikil hætta er á frekari skemmdum vegna landbrots.

Lýsing

Tóftin er rofin að vestan en að öðruleyti gróin, með um 1m breiða og 20-30sm háa ávala vegg.

Syðri-Ey – 45

Hlutverk: Óþekkt/uppsátur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestast á Eyjarnesi eru leifar nokkurra mannvirkja, líklega uppsátra og nausta.

Hættumat: Suðurhluti þessarar tóftar er að hluta farin í sjó og hætta er á frekari skemmdum vegna landbrots.

Lýsing

Yngra naust (nr. 46) hefur að hluta til verið byggt í þessari tóft að því er virðist. Veggir eru fremur óljósir, ávalir og algrónir grasi. Þeir eru um 10-30sm háir og um 1m breiðir.

Syðri-Ey – 46

Hlutverk: Óþekkt/uppsátur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestast á Eyjarnesi eru leifar nokkurra mannvirkja, líklega uppsátra og nausta.

Hættumat: Þessi tóft mjög skammt frá sjávarbakka sem brýtur af og er í hættu vegna landbrots þótt ekki sé farið að brjóta af því.

Lýsing

Tóftin er mjög heilleg, grjóthlaðnir veggir um 1m háir og torf ofaná því um 50-70sm



Mynd 33, horft til austurs inní naust (nr. 46) vestast á Eyjarnesi.

þykkt. Timburleifar eru inni tóftinni og ólöguleg grjóthleðsla fyrir vestur enda hennar.

Syðri-Ey – 47

Hlutverk: Óþekkt/hróf

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Vestast á Eyjanesi norðan við naustið nr. 46 eru þrjár kjalmynndaðar grjóthrúgur í röð frá austri til vesturs, allar aflangar frá norðri til suðurs og svo til algrónar.

Lýsing

Vestasta hleðslan er um 4x2m að grunnfleti og um 30sm há.

Syðri-Ey – 48

Hlutverk: Óþekkt/hróf

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Vestast á Eyjanesi norðan við naustið nr. 46 eru þrjár kjalmynndaðar grjóthrúgur í röð frá austri til vesturs, allar aflangar frá norðri til suðurs og svo til algrónar.

Lýsing

Miðju hleðslan er um 3,5x1,8m að grunnfleti og um 50sm há.

Syðri-Ey – 49

Hlutverk: Óþekkt/hróf

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Vestast á Eyjanesi norðan við naustið nr. 46 eru þrjár kjalmynndaðar grjóthrúgur í röð frá austri til vesturs, allar aflangar frá norðri til suðurs og svo til algrónar.

Lýsing

Austast hleðslan er um 3x1,5m að grunnfleti og um 30sm há.

Syðri-Ey – 50

Hlutverk: Óþekkt/túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 125m suðaustur af steinsteypta kofanum á Eyjarnesi er garðlag út við sjó fyrir miðri nokkuð breiðri vík sem þar er.

Lýsing

Garðlagið sést í tveimur hlutum á um 30m kafla við víkina. Þar er það um 30sm hátt og um 2m breitt. Þá má greina afar óljóst framhald af garðinum í sömu stefnu til norðausturs um nokkra metra. Garðurinn virðist hafa blásið upp og gróið aftur. Á loftmynd sést móta fyrir framhaldi af garðinum í beinastefnu á bug á Eyjaránni um 230m, þetta sást þó ekki á vettvangi

Syðri-Ey – 51

Sérheiti: Auga

Hlutverk: Híbyli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í suðausturhorni gamla túnsins á Syðri-Ey voru rústir á svolitlum hól sem nú er búið að slétta, annar rústahóll var um 100m NNV (munnleg heimild, Daníel H. Magnússon, 22.06.2009).

Lýsing

Parna er tún í dag og engar minjar sýnilegar á yfirborðinu. Hnit voru tekin af loftmynd eftir tilsögn Daníels H. Magnússonar, í túninu um 200m SSA af bæ á Syðri-Ey.

Aðrar upplýsingar

Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Í tíð maddömu Elísabetar [Knudsen d. 1913] voru á Syðri-Ey auk Eyjarkots heimahjáleigurnar Suðurbær, Háibær, Skemmubær og Auga. Ef til vill hafa einhverjir þeirra staðið á rústum Efrakots, Neðrakots og Ólafshjáleigu, sem nefnd eru í jarðabók Árna Magnússonar. Hverfi þetta var kallað Eyjartorfa.“ (PK: 52).

Syðri-Ey – 52

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í suðausturhorni gamla túnsins á Syðri-Ey voru rústir á svolitlum hól sem nú er búið að slétta, annar rústahóll var um 100m NNV (munnleg heimild, Daníel H. Magnússon, 22.06.2009).

Lýsing

Parna er tún í dag og engar minjar sýnilegar á yfirborðinu. Hnit voru tekin af loftmynd eftir tilsögn Daníels H. Magnússonar, í túninu um 135m VSV af bæ á Syðri-Ey.

Syðri-Ey – 53

Hlutverk: Náma/mótekja

Tegund: Niðurgröftur/mógrafir

Staðhættir

Í landamerkjaskrá fyrir Ytri-Ey frá 1891 kemur fram að jörðin hafi átt ókeypis mótak í Syðrieyjarlandi handa kvennaskólanum, eftir því sem hann þarfnaðist, og að réttur til að úbreiðslu á haganlegan þurrkvöll hafi fylgt (Landamerki Ytri-Eyjar frá 1891. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu). Töluvert umfangsmiklar mógrafir eru í Hólsflóa, um 750m austan bæjar á Syðri-Ey og sunnan við túnin sem ræktuð hafa verið upp nyrst í flóaanum milli Eyjarár og bæjarlækjar Syðri-Eyjar.

Lýsing

Særsta mógrafarsvæðið er um 4500m² en auk þess eru nokkrar smærri grafir dreifðar um flóann. Grafirnar eru algrónar á bilnu 30-50sm djúpar (sjá nánar yfirlitskort í fylgiskjölum aftast í skýrslunni).

Aðrar upplýsingar

Auk þessara grafa eru mógrafir upp við Syðri-Eyjarsel (sjá nr. 58).

Syðri-Ey – 54

Hlutverk: Náma/mó-/ torftekja

Tegund: Niðurgröftur/mó-/ torfgrafir

Staðhættir

Í landamerkjaskrá fyrir Ytri-Ey frá 1891 kemur fram að jörðin hafi átt ókeypis mótak í Syðrieyjarlandi handa kvennaskólanum, eftir því sem hann þarfnaðist, og að réttur til að úbreiðslu á haganlegan þurrkvöll hafi fylgt (Landamerki Ytri-Eyjar frá 1891. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu). Töluvert umfangsmiklar mógrafir eru í Hólsflóa, um 750m austan bæjar á Syðri-Ey og sunnan við túnin sem ræktuð hafa verið upp nyrst í flóaanum milli Eyjarár og bæjarlækjar Syðri-Eyjar. Önnur óljósari gröf er í bakkanum austarlega í flóaanum.

Lýsing

Gröfin er tekin inní bakka og eru greinilegir kantar að austan en ógreinilegri til vesturs. Bakkarnir eru 30-50sm háir en samlagast mýrinni til vesturs. Líklega torftökustaður fremur en mótekju.

Syðri-Eyjarsel

Í örnefnaskrá Syðri-Eyjar segir: „Austan við Kvísl byrjar Dynfjall, vestan í því norðarlega stóð Syðri-Eyjarsel, þar sunnan við Sellækur, þá heita Breiðar suður að Þúfnalæk, þar suður af Bingir, sunnan við þá Kaldilækur, og eru merkin um hann milli Höskuldsstaða og Syðri-Eyjar.“ (ÖAD: 2). Tvær samsíða tóftir eru á áberandi hól á gamla selstæðinu, þær eru þó líkari beitarhúsum en seltóftum. Um 60m frá þessum tóftum upp með Sellæknum sunnanverðum eru mógrafir og óljós hugsanleg lítil tóft aðra 60m NNV af þeim.

Syðri-Ey – 55

Sérheiti: Syðri-Eyjarsel

Hlutverk: Sel/Beitarhús


Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hólnum á Syðri-Eyjarseli eru tvær samsíða tóftir, norðari tóftin er heldur ógleggri en sú syðri og gæti verið eldri.

Lýsing

Báðar eru tóftirnar um 5x11m að ummáli og liggja suðvestur norðaustur og hafa dyr verið út til suðvesturs. Veggir norðari tóftarinnar eru þýfðir og virðast hafa rofnað og gróið upp aftur, það er því erfitt að gera sér grein fyrir innra fyrirkomulagi tóftarinnar. Veggirnir eru á bilinu 20-30sm algrónir grasi og mosa og hvergi sér í grjóti.



Syðri-Ey – 56

Sérheiti: Syðri-Eyjarsel

Hlutverk: Sel/Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hólnum á Syðri-Eyjarseli eru tvær samsíða tóftir, Syðri tóftin er heillegri en sú norðari og kann að vera eitthvað yngri.

Lýsing

Báðar eru tóftirnar um 5x11m að ummáli og liggja suðvestur norðaustur og hafa dyr verið út til suðvesturs. Veggir syðri tóftarinnar eru á bilinu 30-40sm háir, algrónir grasi og mosa en þó sér í grjóti á nokkrum stöðum

Syðri-Ey – 57

Hlutverk: Sel/óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Aðaltóftirnar á Syðri-Eyjarseli eru á áberandi hól norðan við Sellækinn en sunnan við hann er að auki lítil tvískipt tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og eru dyr útúr hvorum helming út til suðvesturs en ekki virðist hafa verið innangengt á milli. Hólfín eru um 2x2m á kant að innanmáli og veggir á bilinu 30-40sm háir, algrónir grasi og mosa. Ekki sér í grjóti í tóftinni.

Syðri-Ey – 58

Hlutverk: Náma/Mótekja

Tegund: Niðurgröftur/Mógrafir

Staðhættir

Um 60m upp með Sellæknum sunnanverðum frá tóftunum á Syðri-Eyjarseli eru mógrafir.

Lýsing

Grafirnar taka yfir um 400m² svæði og eru á bilinu 30-50sm djúpar, þær eru algrónar grasi og mosa (sjá nánar yfirlitsmynd í fylgiskjöllum aftast í skýrslunni).

Syðri-Ey – 59

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 100m norður af tóftum Syðri-Eyjarsels og um 60m NNV af mógröfunum er óljós tóft á áberandi stórbýfishóli.

Lýsing

Tóftin er ferhyrnd og snýr norðvestur-suðaustur með dyr til suðurs. Hóllinn er afar stórbýfður og veggirnir sem eru um 50-60sm háir, samlagast þúfunum vel og ekki útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða, þótt hún sé mjög tóftaleg.



Syðri-Ey – 60

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft


Staðhættir

Stakur nokkuð áberandi hóll er á Breiðinum suðaustur af Syðri-Eyjarseli. Hóllinn er að hluta til sléttur en umhverfið allt þýft og blautt. Upp á hólnum er óljóst mannvirki eða þúst.

Lýsing

Veggir eru óljósir og þýfðir en þó virðist nokkuð greinilega um einhverskonar mannvirki að ræða. Dæld er í miðjunni um 30sm djúp en útbrúnir veggja eru á bilinu 30-40sm háar. Hóllinn er um 3m hár að suðvestan en um 1m að norðaustan.





Syðri-Ey – 61

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Upp með Sellæk um 650m norðaustur af tóftum Syðri-Eyjarsels er lítil tóft á litlu hólnefi norðan við lækinn.

Lýsing

Tóftin er ferhyrnd, um 4m á kant og snýr NA-SV. Veggir eru algrónir grasi og mosa, um 10-30sm háir, engar greinanlegar dyr eru á tóftinni. Tóftin er ögn þýfð en umhverfis er lyngmói og hallandi brekka til suðvesturs.

Syðri-Ey – 62

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 700m norðaustur af Syðri-Eyjarseli upp með Sellæk er óljóst garðlag í brekkunni, sunnan lækjarins undir áberandi melrana sem liggur til norðvesturs úr fjallshlíð Dynufjalls/ Dynufjalls. Um 60m austan og norðaustan við tóft nr. 61.

Lýsing

Garðlagið er gleggst efst undir brekkunni, um 30m langt og liggur nálega NV-SA í svoltinn boga og er um 30-40sm hátt og um 110sm breitt. Afar óljóst og þýft framhald virðist vera til suðausturs og í sveig að hugsanlegu garðlagi um 35m neðar í brekkunni sem liggur NV-SA. Allt er þetta fremur óljóst en hugsanlega er hér um einhverskonar afgirtan blett að ræða. Engar glöggar tóftir var hins vegar að finna innan þessa meinta garðlags.



Mynd 34, horft til suðvesturs yfir óljóst garðlag (nr. 62) upp með Sellæk ofan við Syðri-Eyjarsel. Garðlagið sést fyrir miðri mynd en í baksýn hinumegin lækjargilsins þar sem það beygir (ögn hægra megin við miðja mynd) er lítil tóft (nr. 61). Í fjarska lengst til hægri sést Eyjarey, sem tilheyrir Syðri-Ey en er úti fyrir landi Ytri-Eyjar.

Syðri-Ey – 63

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestast á melrana sem gengur til norðvesturs frá Dynfjalli/ Dynufjalli og að Sellæk eru hleðslur, varða og hugsanlegt smalabyrgi.

Lýsing

Fremur óljós hleðsla, mest um 10sm há og um 60-70sm breið. Líkt og grunnur að litlu byrgi, sem hefur verið með dyr til suðvesturs og að því er virðist lítinn skjólvegg að norðvestan.



Mynd 35, horft til suðvesturs yfir hleðslur á hólrana sunnan við Sellæk um 750m ofan við tóftir Syðri-Eyjarsels, beint fyrir ofan meint garðlag nr. 62.

Syðri-Ey – 64

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestast á melrana sem gengur til vesturs frá Dynfjalli/ Dynufjalli og að Sellæk eru hleðslur, varða og hugsanlegt smalabyrgi.

Lýsing

Varðan eða hleðslan er næsta hringlaga hrúga af grjóti, hæst í miðjuni um 30sm og um 180sm í þvermál. Varðan og hleðslan/byrgið eru á smá gróðurtorfu norðvestast á næsta gróðurlausum melrana.

Syðri-Ey – 65 (Höskuldsstaðir-65)

Sérheiti: Höskuldsstaðasel

Hlutverk: Óþekkt/Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir


Tæplega 65m norðaustur af tóftum Höskuldsstaðasels er tvískipt tóft í landi Syðri-Eyjar.

Lýsing

Tóftin liggur norðaustur/suðvestur og er að 10x4m utanmáli. Dyr eru á minna hólfinu til norðvesturs en á því stærra til suðvesturs. Veggir eru á bilinu 30-40sm háir og 60-70sm breiðir, algrónir grasi og mosa.

Aðrar upplýsingar

Í Sýslu- og sóknarlýsingum (sjá nánar hér að neðan) kemur fram að Höskuldsstaðasel hafi um tíma verið norðan Kaldalækjar. Tóftin kann því að hafa tilheyrt Höskuldsstöðum þótt hún sé í landi Syðri-Eyjar. Tóftin var skráð með Höskuldsstaðaseli sbr. *Fornleifaskráning Skagabyggðar, Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*, bls. 34-35. Um selið segir í Sýslu- og sóknarlýsingum: „Byggð er á Sléttárdal, en stundum hefur þar selstaða verið frá Höskuldsstöðum, og svo var um hríð í tíð síra Björns Þorlákssonar. Er þar venjulega kallað Höskuldsstaðasel (hið nýja), en oft er það ritað Sléttárdalssel eða Sléttárdalur. Er því eignað land milli Huldulækjar og lækjar, er rennur úr Lyngbreiðarkatli, og vestur á Einbúa. Það



stendur við Kaldalæk sunnanverðan, en áður stóð það um hríð fyrir norðan lækinn.“ (SS I: 148).

Horfna minjar og óstaðsettar

Syðri-Ey – 66

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild (garðlag)

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðri-Eyjar segir: „Fyrir sunnan Bæjarlækinn við sjóinn heita Geirvíkurbakkar, nokkuð austur af Löngufjöru var flói, sem hét Kringlumýri.“ (ÖAD: 1). Í kringlumýri á samkvæmt sóknalýsingu frá árinu 1873 að hafa verið gamalt garðlag á merkjum milli Syðri-Eyjar og Ytri-Hóls (SS I: 149-150 og 163).

Lýsing

Umrætt garðlag fannst ekki við skráningu á vettvangi sumarið 2009, en töluverður gróður var á svæðinu.

Aðrar upplýsingar

Í sóknarlýsingu frá 1873 segir: „Talið er, að Ytrihóll eigi úr miðri Lönguvík, sem svo er nefnd, eða úr Lönguvíkurgili og eftir garðlagi á svonefndri Kringlumýri, er glöggt sér merki til“ (SS I: 149-150). Annarsstaðar í sömu sóknarlýsingu segir: „Til merkigarda fornra sér glögglega á milli Syðrieyar og Ytrahóls á Kringlumýri [...]“ (SS I: 163).

Syðri-Ey – 67

Hlutverk: Kirkja (Bænhús)

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Engar upplýsingar liggja fyrir um staðsetningu bænhússins á Syðri-Ey.

Aðrar upplýsingar

Minnst er á Syðri-Ey (Ey) í máldögum frá árunum 1318, 1360, 1394 og 1461 og í skrá yfir hálfkirkjur og bænhús frá 1461 kemur fram að hálfkirkja sé „uppi“ á jörðinni þ.e. að húsið standi (Ísl. Fornbréfasafn II: 470; III: 171, 532; V: 354). Í jarðabók frá 1708 segir um Syðri-Ey, þá ritað Sydre Ey, að þar hafi áður verið bænhús og messað þegar heimafólk meðtók sakramenti, en þá höfðu tíðir ekki verið veittar í þrjátíu ár eða lengur en húsið enn standandi (JÁM VIII: 439).

Syðri-Ey – 68

Sérheiti: Háibær

Hlutverk: Híbyli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Nákvæm staðsetning Háabæjar er ekki að fullu ljós en bærinn virðist af lýsingum hafa staðið á túninu austan við síðasta bæjarstæði Eyjarkots (nr. 23). Hugsanlegt bæjarstæði er þar sem útihúsin nr. 6 og 8 stóðu síðast, en þar er nú að mestu slétt tún, en fleiri staðir koma einnig til greina.

Aðrar upplýsingar

Í sóknalýsingu frá 1873 segir: „Eyarkot er talinn ¼ hluti jarðarinnar að fornu og nýju. Það mun vera sama Efraeyarkot, er Johnsen minnst á [...]. Auk þess heyra þar til eyðikotin Neðrakot, Ólafskot og Háibær. (Hann var byggður eftir 1840).“ (SS I: 150-151). Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Í tíð maddömu Elísabetar [Knudsen d. 1913] voru á Syðri-Ey auk Eyjarkots heimahjáleigurnar Suðurbær, Háibær, Skemmubær og Auga. Ef til vill hafa einhverjir þeirra staðið á rústum Efrakots, Neðrakots og Ólafshjáleigu, sem nefnd eru í jarðabók Árna

Magnússonar. Hverfi þetta var kallað Eyjartorfa.“ (PK: 52). Í grein Hjördísar Gísladóttur um eyðibýli í Húnaþingi er Eyjarkot sagt sama og Neðrakot en Efrakot það sama og Háibær og sagt ofarlega í túninu á Eyjarkoti (HG: 286). Í áðurnefndri sóknalýsingu frá 1873 er hins vegar fullyrt að Eyjarkot (Syðri-Eyjarkot) sé það sama og nefnt er Efrakot í eldri heimildum (SS I: 151).⁴⁴

Syðri-Ey – 69

Sérheiti: Efrakot/Efriejarkot

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Staðsetning kotsins er óljós og heimildum ber ekki saman um það hvort um sama stað og Eyjarkot er að ræða eða hvort Efrakot og Háibær hafi verið á sama stað.

Aðrar upplýsingar

Árið 1708 var jörðin þrískipt, heimajörðin *Syðri-Ey* og svo *Efrakot* og *Neðrakot* og sinn eigandinn að hverju býli. Túnnum og engjum var skipt með görðum (JÁM VIII: 439). *Efrakot* var metið á 10 hdr. og skyldi tíuandast fjórum tíundum. Landskuld var 50 álnir og skyldi borgast í landaurum heima. Leigukúgildi voru tvö og skyldi borga í smjöri til landeiganda. Engar kvaðir voru á kotinu. Í áhöfn voru tvær kýr, 12 ær, þrjár veturgamlir sauðir, tvö lömb, einn hestur og ein fylfull meri. Talið var að kotið gæti fóðrað eina kú, 12 ær og 4 lömb (JÁM VIII: 440). Í sóknalýsingu frá 1873 segir: „Eyarkot er talinn ¼ hluti jarðarinnar að fornu og nýju. Það mun vera sama Efraeyarkot, er Johnsen minnst á [...]“. (SS I: 150-151). Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Í tíð maddömu Elisabetar [Knudsen d. 1913] voru á Syðri-Ey auk Eyjarkots heimahjáleigurnar Suðurbær, Háibær, Skemmubær og Auga. Ef til vill hafa einhverjir þeirra staðið á rústum Efrakots, Neðrakots og Ólafshjáleigu, sem nefnd eru í jarðabók Árna Magnússonar. Hverfi þetta var kallað Eyjartorfa.“ (PK: 52). Í áðurnefndri sóknalýsingu frá 1873 er fullyrt að Eyjarkot (Syðri-Eyjarkot) sé það sama og nefnt er Efrakot í eldri heimildum (SS I: 151).⁴⁵ Í grein Hjördísar Gísladóttur um eyðibýli í Húnaþingi er Eyjarkot hins vegar sagt sama og Neðrakot en Efrakot það sama og Háibær og sagt ofarlega í túninu á Eyjarkoti (HG: 286).

Syðri-Ey – 70

Sérheiti: Neðrakot

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Staðhættir eru óljósir og heimildum ber ekki saman um hvort Neðrakot kunni að hafa staðið á sama stað og Eyjarkot eða einhversstaðar annarsstaðar.

Aðrar upplýsingar

Árið 1708 var jörðin þrískipt, heimajörðin *Syðri-Ey* og svo *Efrakot* og *Neðrakot* og sinn eigandinn að hverju býli. Túnnum og engjum var skipt með görðum (JÁM VIII: 439). *Neðrakot* var einnig metið á 10 hdr. landskuld var 40 álnir, en hafði áður verið 50 álnir og skyldi borgast í landaurum þar heima. Leigukúgildi var eitt og hálf en hafði verið tvö og hálf og skyldu leigur borgast í smjöri til umboðsmanns innan héraðs. Engar kvaðir voru á kotinu. Í áhöfn voru einn kálfur, 21 ær, einn veturgamall sauður, fimm lömb, einn hestur og eitt hross. Metið var að kotið gæti fóðrað eina kú, 12 ær og einn hest (JÁM VIII: 440). Í sóknalýsingu frá 1873 segir: „Eyarkot er talinn ¼ hluti jarðarinnar að fornu og nýju. Það mun vera sama

⁴⁴Sýslu- og sóknalýsingar I, bls. 151.

⁴⁵Sýslu- og sóknalýsingar I, bls. 151.

Efraeyarkot, er Johnsen minnst á [...]. Auk þess heyra þar til eyðikotin Neðrakot, Ólafskot og Háibær. (Hann var byggður eftir 1840).“ (SS I: 150-151). Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Í tíð maddömu Elísabetar [Knudsen d. 1913] voru á Syðri-Ey auk Eyjarkots heimahjáleigurnar Suðurbær, Háibær, Skemmubær og Auga. Ef til vill hafa einhverjir þeirra staðið á rústum Efrakots, Neðrakots og Ólafshjáleigu, sem nefnd eru í jarðabók Árna Magnússonar. Hverfi þetta var kallað Eyjartorfa.“ (PK: 52). Í grein Hjördísar Gísladóttur um eyðibýli í Húnaþingi er Eyjarkot sagt sama og Neðrakot en Efrakot það sama og Háibær og sagt ofarlega í túninu á Eyjarkoti (HG: 286).

Syðri-Ey – 71

Sérheiti: Ólafshjáleiga

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Óvíst er hvar Ólafshjáleiga hefur staðið að öðru leyti en því að hún var í túninu á Syðri-Ey.

Aðrar upplýsingar

Ólafshjáleiga er nefnd í jarðabókinni frá 1708, sögð gömul eyðihjáleiga í túninu. Þar var sögð hafa verið byggð fyrir meir 30 árum en hvorki búið vel né lengi og hjáleigan farið í eyði fyrir meir en 20 árum. Ekki vissu menn hve há landskuld hafi verið, hve mörg kúgildi, né hvað hjáleigan kunni að hafa fóðrað. Að lokum er klikkt út með því að ekki megi „[...] þetta hrakbýli aftur byggja nema jörðunni til meins og skaða“ (JÁM VIII: 441).

Syðri-Ey – 72

Sérheiti: Ósvíkurbúð

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Ósvíkurbúð hefur líklega staðið öðruhvorum megin við ós Eyjarár, líklega sunnan við ána þar sem hún er sögð í landi Syðri-Eyjar. Nokkrar minjar á Eyjarnesi koma því til greina, ekki síst tóft norðan við nesið í litlum hvammi sunnan Eyjarár. Tóftin (Ytri-Ey - 16) er norðan merkjagirðingar í dag og því skráð með Ytri-Ey en hefur líklega tilheyrt Syðri-Ey áður.

Aðrar upplýsingar

Í sóknarlýsingu frá 1873 eru talin upp eyðibýlin Ósvíkurbúð, Neðrakot, Ólafskot og Háibær í landi Syðri-Eyjar og því bætt við að Syðrieyjarkot hafa stundum verið í eyði (SS I: 159).

Syðri-Ey – 73

Sérheiti: Suðurbær

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Staðsetning Suðurbæjar liggur ekki fyrir.

Aðrar upplýsingar

Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Í tíð maddömu Elísabetar [Knudsen d. 1913] voru á Syðri-Ey auk Eyjarkots heimahjáleigurnar Suðurbær, Háibær, Skemmubær og Auga. Ef til vill hafa einhverjir þeirra staðið á rústum Efrakots, Neðrakots og Ólafshjáleigu, sem nefnd eru í jarðabók Árna Magnússonar. Hverfi þetta var kallað Eyjartorfa.“ (PK: 52).

Syðri-Ey – 74**Sérheiti:** Norðurbær**Hlutverk:** Híbyli**Tegund:** Heimild**Staðhættir og lýsing**

Staðsetning Norðurbæjar liggur ekki fyrir.

Aðrar upplýsingar

Norðurbær kemur fyrir úttekt á Syðri-Ey frá árinu 1874. Norðurbæ fylgdi þá baðstofa á þremur stafgóflum 9x6 ¼ al að innanmáli, alþiljuð á gólfi og veggjum með skarsúð í lofti með fjórum rúmum. Bæjardyrnar voru 8 álna langar, með stofu á aðra hönd en búr á hina og þilveggir á milli. Stofan var 8 ½ x 3 ¾ al. að innanmáli, alþiljuð með einu lokrekkjurúmi og sexrúðuglugga á framþili. Búrið var 7x4 al. að innanmáli. Eldhús tilheyrði norðurbæ 6x4 al. að innanmáli og göng voru frá bæjardyrnum að baðstofu 2 al. löng. (Úttekt á Syðri-Ey 1874, Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga).

Syðri-Ey – 75**Sérheiti:** Skemmubær**Hlutverk:** Híbyli**Tegund:** Heimild**Staðhættir og lýsing****Aðrar upplýsingar**

Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Í tíð maddömu Elísabetar [Knudsen d. 1913] voru á Syðri-Ey auk Eyjarkots heimahjáleigurnar Suðurbær, Háibær, Skemmubær og Auga. Ef til vill hafa einhverjir þeirra staðið á rústum Efrakots, Neðrakots og Ólafshjáleigu, sem nefnd eru í jarðabók Árna Magnússonar. Hverfi þetta var kallað Eyjartorfa.“ (PK: 52).

Söguágríp Ytri-Hóls



Mynd 36, horft til norðausturs á íbúðar og útihús á Ytri-Hóli 1 (byggt 1947). Ljósmynd: Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu.

Í *Húnaþingi* segir: „Ytri-Hóll er næsti bær sunnan við Syðri-Ey, stendur hann neðan undir Stafanúp, sem er blágrýtisfjall og dregur nafn sitt af lóðréttum stuðlum, er gnæfa þar í fjallsbrúninni. Stafanúpur er norðurhluti fjallasvæðis, er einu nafni kallast Núpar. Suðvestur af Stafanúp er Bæjarnúpur, en norðan í honum er Rauðimelur. Norðvestur af Stafanúp er melbunga sem Kjölur heitir. Frá Ytri-Hóli var sjósókn fyrr á árum úr Hólsbás. [...] Bæjarhús standa nú neðst í túninu rétt ofan vegar, áður var bærinn á hól ofarlega í túninu niður undan háum melhrygg, sem heitir Hóluskjölur. Þar austur af gnæfa stuðlabergsbrúnir Ytri-Hólanúpanna. Ræktunarskilyrði ágæt, útbeit sæmileg og jarðsælt.“⁴⁶ Veiðiréttur til hrognkelsaveiða fylgir jörðinni.⁴⁷

Í máldögum frá 1318, 1360, 1394, 1395 og 1461 eru Ytri-Hóll eða Hóll talinn upp ásamt öðrum eignum Höskuldsstaðakirkju.⁴⁸

Í jarðabók frá árinu 1708 kemur fram að jörðin átti ekki rétt til upprekstrar á afrétt. Torfrista var næg en stunga lök. Móskurður til eldiviðar var sagður hafa verið áður en brúkaðist ekki og var tað notað til eldiviðar. Rekavon var sögð mjög lítil og sjaldan heppnast og sölvaðfjara var sömuleiðis léleg og ekki að gagni nema til beitar ef hafís lá ekki við land. Túninu grandaði grjótsuppgangur og áfok af nálægum melum til stórskaða. Þá var kvikfé sagt hætt við að hrekjast í sjó á veturnum fyrir stórveðrum af norðri og varð jafnan að vakta féð. Vatnsból var

⁴⁶ *Húnaþing II*, bls. 126.

⁴⁷ *Húnaþing II*, bls. 114 og 126.

⁴⁸ *Ísl. Fornbréfasafn II*, bls. 471; *Ísl. Fornbréfasafn III*, bls. 171, 532, 599; *Ísl. Fornbréfasafn V*, bls. 344.

sagt erfitt um vetur vegna snjóa en þraut ógjarnan. Lending var sögð „fin“ á Ytri-Hóli, en skipsuppsátur mjög erfitt og því ekki hægt að stunda heimræði nema um hásumar. Skip heimabóndans voru sögð ganga eftir því sem við væri komið en sjaldan fleiri en eitt og stundum ekkert.⁴⁹

Jörð	Ártal	Eigandi	Jarðamat	Landskuld	Kúgildi
Ytri-Hóll	1686 ⁵⁰	Höskuldsstaðakirkja	20 hdr.	1 hdr.	4
Ytri-Hóll	1696 ⁵¹	Höskuldsstaðakirkja	20 hdr.	1 hdr.	5
Ytre Hooll	1708 ⁵²	Höskuldsstaðakirkja	20 hdr.		4
Ytri-Hóll	1847 ⁵³	Höskuldsstaðakirkja	20 hdr.	1 hdr.	2
Ytri-Hóll	1861 ⁵⁴	-	13 hdr.	-	-

Mannfjöldi

Manntöl	1703	1835	1840	1845	1850	1855	1860	1870	1890	1901
Ytri-Hóll				6					7	

Tekið af Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands.⁵⁵

⁴⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, bls. 439.

⁵⁰ Björn Lárusson (1967), bls. 240.

⁵¹ Björn Lárusson (1967), bls. 240.


⁵² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, bls. 438.

⁵³ Jarðatal á Íslandi, bls. 245.

⁵⁴ Ný jarðabók, bls. 90.

⁵⁵ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, www.manntal.is, skoðað 06.04.2010.

Fornleifaskrá



Mynd 37, túnakort Ytri-Hóls frá fyrri hluta 20. aldar lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minja í skýrslunni, nr. 1 er gamli bærinn, 2 fjósið o.s.frv. Á þessu korti eru aðeins sýnd þau hús og hugsanlegar leifar sem fram koma á túnakortinu þótt fleiri minjar hafi fundist í heimatúninu. Sjá nánar yfirlitskort af heimatúni í fylgiskjölum aftast í skýrslunni.

Ytri-Hóll – 1

Hlutverk: Hífbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hefur gamli bærinn á Ytri-Hóli staðið skammt neðan (vestan) við úthús sem nú standa efst í túninu. Þetta er um 130m ANA af íbúðarhúsin á Ytri-Hóli 1.

Lýsing

Búið er að ýta gamla bænum út og slétta túnið, þó eru einhverjar ófjöfnur á gamla bæjarstæðinu en engin veggjalög sáust á vettvangi sumarið 2009 og því ekki var hægt að gera sér grein fyrir útliti eða umfangi bæjarins á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt á Ytri-Hóli frá árinu 1864 er baðstofan sögð fjögur stafgólf $9 \times 4\frac{1}{6}$ al. að innanmáli. Tveir glergluggar voru í baðstofunni, annar með tveim rúðum og hinn með einni. Ekki er tekið fram að baðstofan hafi verið þiljuð og hefur svo líklega ekki verið. Búrið var $8 \times 3\frac{3}{4}$ al. að innanmáli, eldhúsið var $5 \times 3\frac{3}{4}$ al. og skáli var $7\frac{1}{2} \times 5$ al. að innanmáli þiljaður með lélegum smáviði. Gangnakrókur var frá baðstofu til gangna 6 al. langur og $1\frac{1}{2}$ -3 al. breiður og bæjargöng til útidyra $5\frac{3}{4} \times 2\frac{1}{2}$ al. Húsin voru öll meira og minna snöruð, með lélega vegg og þak (Úttekt á Ytri-Hóli. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).

Ytri-Hóll – 2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hefur gamli bærinn á Ytri-Hóli staðið skammt neðan (vestan) við úthús sem nú standa efst í túninu. Þetta er um 130m ANA af íbúðarhúsin á Ytri-Hóli 1.

Lýsing

Búið er að ýta gamla bænum út og slétta túnið, þó eru einhverjar ófjöfnur á gamla bæjarstæðinu en engin veggjalög sáust á vettvangi sumarið 2009 og því ekki var hægt að gera sér grein fyrir útliti eða umfangi bæjarins á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt á Ytri-Hóli frá árinu 1864 er sagt fjós á bænum yfir fjórar kýr með fjórum veggstoðum og tveimur undir mænirásum. Ranghali var frá fjóisnu inni bæ og voru hvort tveggja fjósið og ranghalinn fremur illa á sig komin (Úttekt á Ytri-Hóli. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).

Ytri-Hóll – 3

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hefur verið kálgarður neðan (vestan) við bæjarhlaðað.

Lýsing

Leifar matjurtagarðs sjást ennþá í brekkunni vestur af gamla bænum. Veggirnir eru algrónir um 10sm háir og um 1m breiðir.

Aðrar upplýsingar

Veggirnir sem voru mældir upp 2009 eru fast norðan við kálgarðinn eins og hann er teiknaður inná túnakortið og heldur minni, eða um 320m^2 meðan garðurinn sem mældur var inná túnakortið er sagður 408m^2 . Líklega er þó um sama garð að ræða, þótt ekki sé hægt að útiloka að um tvo samsíða garða sé að ræða.

Ytri-Hóll – 4

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Leið

Staðhættir

Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hefur heimreiðin leigið til NNV frá bænum.

Lýsing

Greinilegt slóð er útúr túninu norð-norðvestan við gamla bæjarstæðið og rekja má óljósa slóð þaðan í átt að gamla bæjarstæðinu eftir svolíttli lægð og svo upp brekkuna að bæjarhlaðinu. Gatan er algróin en nokkuð skýr á köflum nyrst.

Aðrar upplýsingar

Heimreiðin sást glögglega fyrir 1985 þegar hún var sléttuð (munnleg heimild Sigrún Björnsdóttir, 24.06.2009).

Ytri-Hóll – 5

Sérheiti: Hólhús

Hlutverk: Fjánhús/Hesthús

Tegund: Tóft/dældir

Staðhættir


Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hafa staðið fjánhús suðaustast í gamla túninu, um 90m SSA af gamla bæjarstæðinu og um 150 suðaustur af núverandi íbúðarhúsi.

Lýsing

Húsin hafa verið rifin og sléttað úr rústum þeirra, enn sjást þó dældir og óljósar veggjaleifar í túninu sem segja til um útlit og legu húsanna. Af þeim að dæma hefur þarna staðið einfalt garðahús með hlöðu eða heytóft austan við. Krærnar virðast hafa verið um 8m langar og 150-180sm breiðar og innangengt úr hlöðunni/heytóftinni inná garðann. Ekki er ljóst hvar hurð eða hurðir hafa verið á vesturgafli hússins (sjá nánar yfirlitskort af heimatúni í fylgiskjöllum aftast í skýrslunni).

Aðrar upplýsingar

Í úttekt á Ytri-Hóli frá árinu 1864 er sagt fjánhús yfir rúmar 30 kindur „suður á vellinum“. Húsin voru með átta garðastoðum og átta stoðum undir hliðarásum (Úttekt á Ytri-Hóli. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu). Í örnefnaskrá Ytri-Hóls segir: „Syðst á gamla túninu var hóll, sem hét Hólhúshóll, vestan við hann hét Leynir.“ (ÖBJ: 1). Samkvæmt Sigrúnu Björnsdóttur er þessi hóll á svipuðum slóðum og leifar þessa húss (munnleg heimild 26.04.2009), sem hefur þá væntanlega verið nefnt Hólhús. Hún man hins vegar eftir hesthúsi á þessum slóðum.



Ytri-Hóll – 6

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hefur túngarður náð umhverfis allt gamla túnið á Ytri-Hóli.

Lýsing

Slitrur af garðinum sjást enn að norðanverðu og í suðausturhorninu. Greinilegastur er garðurinn á um 60m kafla að norðan milli afleggjarans heim að litla húsinu (Ytri-Hóli 3) og gömlu heimreiðarinnar (nr. 4). En framhald sést þó af garðinum bæði til austur og vesturs. Tvöfaldur óljós garður að vestan neðan við litla húsið. Að austan er óljós garður í boga í átt að útihúsunum sem standa upp á brekkunni austan við íbúðarhúsið á Ytri-Hóli 1. (sjá nánar yfirlitskort í fylgiskjöllum aftast í skýrslunni).

Ytri-Hóll – 7

Sérheiti: Lambhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 14m suðvestur af útihúsunum ofan við bæ á Ytri-Hóli er hrunið torfhús.

Lýsing

Pakið er hrunið inní tóftina og hún er að auki full af

timburrusli, þó er greinilegt að um garðahús er að ræða sem hafa líklega verið með þilstafn til vesturs. Austan við er hugsanleg heytóft. Veggir tóftarinnar eru um 30-50sm háir og um 120-130sm breiðir, útbrúnir heytóftarinnar eru óljósari um 10sm háar (sjá teikningu á yfirlitskortu yfir heimatún í fylgiskjöllum aftast í skýrslunni).

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Sigrúnu Björnsdóttur og Birni Björnssyni var þetta hús nefnt Lambhús (munnleg heimild, 24.06.2009).



Mynd 38, horft til suðausturs yfir leifar húss (nr. 7) á brekkustallinum austan við bæ á Ytri-Hóli.



Ytri-Hóll – 8

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 40m suðaustur af útihúsunum sem eru uppá brekkunni austan við bæ á Ytri-Hóli eru leifar töluvert umfangsmikilla útihúsa.

Lýsing

Tóftin er alls um 16x13m í ummál, svo virðist sem þarna séu tvöföld garðahús, samstæðuhús, með hlöðum eða heytóftum austan við og litlum kofa eða kró suðvestan við (sjá teikningu á yfirlitskortu yfir heimatún í fylgiskjöllum aftast í skýrslunni). Veggir eru á bilinu 40-70sm háir og um 80-150sm breiðir. Tóftirnar eru í örlitlum halla til suðvesturs og standa heytóftirnar/hlöðurnar um 40-50sm hærra en sjálf útihúsin. Meðfram tóftinni að norðan er lækjarfarvegur og hefur lækurinn runnið fast upp við tóftina.

Ytri-Hóll – 9

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Óljós tóft er uppá smá upphækkun í suðurhluta gamla túnsins á Ytri-Hóli um 90m suðaustur af íbúðarhúsinu á Ytri-Hóli 1.

Lýsing

Tóftin stendur um 30sm



Mynd 39, horft til suðurs yfir óljósa tóft í túninu á Ytri-Hóli.

hærra en umhverfið og er næsta hringlaga um 9m í þvermál, í miðjunni er hringlaga dæld um 10-20sm djúp (sjá teikningu á yfirlitskorti yfir heimatún í fylgiskjöllum aftast í skýrslunni). Veggir eru grasi grónir með aflíðandi brúnum, ekkert grjóst sást í eða við tóftina.

Ytri-Hóll – 10

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst/tóft

Staðhættir

Um 6m sunnan við Ytri-Hól 3 er lítil þúst eða tóft.

Lýsing

Þústin/tóftin er nær hringlaga um 9m í þvermál, innra fyrirkomulag er óljóst en hlið eða dyr virðast hafa verið til suðurs (sjá teikningu á yfirlitskorti yfir heimatún í fylgiskjöllum aftast í skýrslunni). Hugsanlegt hrun er inni tóftinni að norðaustan. Veggir eru á eru mest um 130sm háir að utanverðu undan brekkunni að vestan en um 40sm háir að utanverðu til annarra átta og eins að innan. Veggirnir eru grónir grasi og mosa og grjót sést á stökustað í veggjum og gólfi.



Ytri-Hóll – 11

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: hleðsla/grunnur

Staðhættir

Hleðsla af einhverju tagi, hugsanlega grunnur undan byggingu er í túninu um 20m austan við Ytri-Hól 1 og um 55m suður af Ytri-Hóli 3.

Lýsing

Hleðslan er vinkillaga og er hlaðinn undan brekkunni að vestan og sunnan og myndar sléttan fernhyrndan flöt (um 6x12m) líkt og grunn undan húsi. Hleðslan er á bilinu 20-150sm há, hæst að vestanverðu (sjá teikningu á yfirlitskorti yfir heimatún í fylgiskjöllum aftast í skýrslunni). Hleðslan er algróin grasi og ekki að sjá grjót í henni.



Mynd 40, horft til norðvesturs yfir hrygg (nr. 12) í túninu á Ytri-Hóli.

Ytri-Hóll – 12

Hlutverk: Óþekkt/beðaslétta

Tegund: Hryggur

Staðhættir

Um 50m suður af íbúðarhúsinu á Ytri-Hóli 1 er hryggur í túninu sem liggur nálega austur vestur.

Lýsing

Hryggurinn er mest um 40sm hærri en umhverfið, mjög aflíðandi um 6m breiður og sést á rúmlega 60m kafla frá vesturjaðri túnsins og áleiðis upp brekkuna.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega eru þetta leifar beðasléttu.

Ytri-Hóll – 13

Hlutverk: Óþekkt/heytóft

Tegund: Þúst

Staðhættir

Út við sjó vestur af bæ á Ytri-Hóli eru nokkrar tóftir og þústir. Ein þúst er fast norðan við breiðan skurð sem leiðir vatn úr flóanum vestan við bæinn út í svonefndan Hólsbás (sbr. Örnefnaskrá Ytri-Hóls, ÖBJ: 1).

Lýsing

Þústin er mjög þýfð líkt og umhverfið og litlu hærri, hún sker sig þó úr þar sem hún er grænni og gróskumeiri. Hún er ögn sporöskjulaga, mest um 9m löng (A-V). Veggir eru ógreinilegir mest um 30sm háir, en í miðjunni er 10-20sm djúp dæld, sem er um 2,5m í þvermál (sjá teikningu hér að neðan).

Aðrar upplýsingar

Líklega er hér um heytóft að ræða, en þessar minjar kunna einnig að tengjast sjósókn Ytri-Hóls bænda en útræði var fyrrum frá Hólsbás (sbr. ÖBJ: 1). Í jarðabók frá árinu 1708 er sagt heimræði frá Hólsbás um sumar (JÁM VIII: 439).

Ytri-Hóll – 14

Hlutverk: Óþekkt/heytóft

Tegund: Þúst

Staðhættir

Út við sjó vestur af bæ á Ytri-Hóli eru nokkrar tóftir og þústir. Næsta þúst er um 85m suður af hinni fyrri (nr. 13).

Lýsing

Þústin er mjög þýfð líkt og umhverfið, en heldur gróskumeiri og um 20-40sm hærri. Hún er næsta hringlaga um 8m í þvermál, greinilegar innbrúnir veggja fundust ekki (sjá teikningu hér að neðan).

Aðrar upplýsingar

Líklega er hér um heytóft að ræða, en þessar minjar kunna einnig að tengjast sjósókn Ytri-Hóls bænda en útræði var fyrrum frá Hólsbás (sbr. ÖBJ: 1).



Ytri-Hóll – 15

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Út við sjó vestur af bæ á Ytri-Hóli eru nokkrar tóftir og þústir. Við norðanverða vík sem nefnist Sandvík (sbr. Örnefnaskrá Ytri-Hóls, ÖBJ: 1) er óljós tóft skammt frá klettabrúninni.

Lýsing

Tóftin virðist tvískipt, mest um 10x8m að ummáli. Norðari hlutinn er 4x2,5m að innanmáli með dyr til vesturs, nyrst á vesturveggnum, en suðurhlutinn er 3x1,5m að innanmáli og ekki með greinilegar dyr.

Aðrar upplýsingar

Þessar minjar kunna að tengjast sjósókn Ytri-Hóls bænda, þótt ekki sé heimild fyrir útræði frá Sandvík líkt og frá Hólsbás sem er næsta vík norðan Sandvíkur (sbr. ÖBJ: 1).

Ytri-Hóll – 16

Hlutverk: Óþekkt/heytóft

Tegund: Þúst

Staðhættir

Út við sjó vestur af bæ á Ytri-Hóli eru nokkrar tóftir og þústir. Sú syðsta þeirra er um 60m suðaustur af tóft (nr. 15) við Sandvík (sbr. Örnefnaskrá Ytri-Hóls, ÖBJ: 1).

Lýsing

Þústin er aflöng til norðurs um 10m löng og 8m breið, algróin og þýfð og um 0,5-1m hærra en umhverfið.

Aðrar upplýsingar

Líklega er hér um heytóft að ræða, en þessar minjar kunna einnig að tengjast sjósókn Ytri-Hóls bænda en útræði var fyrrum frá Hólsbás (sbr. ÖBJ: 1).



Mynd 41, horft til suðvesturs yfir vörðu syðst á Kili ofan (austan) við bæ á Ytri-Hóli. Í baksýn til hægri á myndinni sjást Höskuldssaðir.

Ytri-Hóll – 17

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Hóls segir: „[...] melhryggur sem heitir Kjölur og liggur frá suðri til norðurs að Eyjarlæk. Austan við Kjöl er flói, sem heitir Mjósund, þá taka við hallandi graslendi, sem heitir Enni. Síðan til austurs Mómelur og Mólaut [...]“ (ÖBJ: 1). Syðst á Kili er varða.

Lýsing

Varðan er stæðileg um 50-70sm há og um 2x2m að grunnfleti. Umhverfis er smá gróðurtorfa á annars gróðurrýrum melhrygg.

Ytri-Hóll – 18

Hlutverk: Náma/Mótekja

Tegund: Niðurgröftur/Mógrafir

Staðhættir

Í ornefnaskrá Ytri-Hóls segir: „[...] melhryggur sem heitir Kjölur og liggur frá suðri til norðurs að Eyjarlæk. Austan við Kjöl er flói, sem heitir Mjósund, þá taka við hallandi graslendi, sem heitir Enni. Síðan til austurs Mómelur og Mólaut [...]“

(ÖBJ: 1). Nokkrar grafir eru í suðausturhluta Mjósunds í landi Ytri-Hóls, um 900m norðaustur af bæ.

Lýsing

Tvær grafir eru mjög glöggar og nokkrar óljósari í grennd við þær og ná mógrafirnar alls yfir um 800m² svæði. Dýpstu grafirnar eru á bilinu 40-50sm djúpar en hinar 10-30sm, og hluti þeirra sést aðeins sem tilstunginn kantur í brekkunni í brekkufætinum austan til í flóaanum (sjá nánar yfirlitskort í fylgiskjöllum aftast í skýrslunni). Engar mótóftir sáust á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem tekin var saman fyrir þetta svæði árið 1708 segir að móskurður hafi verið á Ytri-Ey en sé ekki lengur (JÁM VIII: 439).

Þjóðsagnastaðir

Ytri-Hóll – 19

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í ornefnaskrá Ytri-Hóls segir: „Syðst á Gamla túninu var hóll, sem hét Hólhúshóll, vestan við hann hét Leynir. Sunnarlega í gamla túninu er klöpp, sem núverandi ábúandi [Björn Jónsson] hefir ótrú á að slá nærri eða hrófla þar við nokkru“ (ÖBJ: 1).

Lýsing

Klettanibbur standa uppúr suðurhluta túnsins á nokkrum stöðum og var hnitpunktur tekinn af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Sigrún Björnsdóttir kannast við þennan álagablett sem ekki mátti slá en ekki neinar sagnir um hann eða ástæður þess að faðir hennar vildi ekki slá blettinn (munnleg heimild, 24.06.2009).

Horfnar minjar og óstaðsettar

Ytri-Hóll – 20

Sérheiti: Hólsbás

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í ornefnaskrá Ytri-Hóls segir: „Norðan við Stapa eru Stapabíkur (tvær), síðan Ófærubás, þá Sandvík, næst Hólsbás, þaðan var fyrrum útræði að sumrinu, en ekki hægt að hafa þar bát að vetrinum vegna snjóá.“ (ÖBJ: 1). Hólsbás er hér um bil beint vestur af bæ á Ytri-Hóli.



Mynd 42, horft til vesturs yfir mógrafir í Mjósundi.

Lýsing

Nokkrar þústir og ein tóft eru á þessu svæði og við Sandvík sem er næsta vík sunnan við, þessar minjar eru þó allar lengra uppí landi en algengast er með naust og uppsátur, hugsanlega eru því leifar um útróður á þessu svæði horfnar vegna landbrots.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem tekin var saman árið 1708 fyrir þetta svæði segir að útræði hafi þá verið um sumar frá Hólsbás og fín lending þar en ekki hafi verið hægt að gera þaðan út um vetur vegna snjóa (JÁM VIII: 439).

Ytri-Hóll – 21

Sérheiti: Lásabyrgi

Hlutverk: Smalabyrgi

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ytri-Hóls segir: „[...] Mómelur og Mólaut, síðan til austurs Hólsflói og norðurlíð Staðarnúps, sem heitir Strokhlíð, í henni miðri er Lásabyrgi, norðaustur þaðan heitir Hólsholt [...]“ (ÖBJ: 1).

Lýsing

Samkvæmt Birni Björnssyni sér enn móta fyrir leifum smalabyrgis á þessum slóðum (munnl. heimild 24.06.2009). Byrgisins var ekki leitað á vettvangi sumarið 2009.

Samantekt og niðurstöður

Samkvæmt samningi Skagahrepps og Byggðasafns Skagfirðinga miðast fornleifaskráning jarða í hreppnum við jarðabók Johnsens frá 1847 og eru þær jarðir sem þar koma fyrir skráðar sem sjálfstæðar heildir. Þegar jörðum til skráningar innan hreppsins var forgangsraðað var m.a. tekið mið af hættunni sem minjum er búinn á tilteknum jörðum, s.s. vegna landbrots, skógræktar, jarðræktar eða annarra hugsanlegra framkvæmda. 18 jarðir (miðað við Johnsen 1847) voru valdar til skráningar árið 2009, það voru jarðirnar Víkur, Krókasel, Hróarsstaðir, Kurfur, Örlýgsstaðir/Hlíð, Skeggjastaðir, Kelduland/Hafsvellir, Efri-Harastaðir/Harastaðir/Harastaðakot, Brandaskarð, Árbakki, Vindhæli, Ytri-Ey, Syðri-Ey/Eyjarkot, Ytri-Hóll, Njálstaðir og Þverá í Norðurárdal.

Minjarnar sem hér eru til umfjöllunar einskorðast við heimalönd Ytri-Eyjar, Eyjarkots og Syðri-Eyjar auk Ytri-Hóls.

Fjöldi og ástand minja

Alls voru skráðar 156 minjar á jörðunum þremur og þar af voru 24 sem ekki reyndist unnt að staðsetja með viðunandi nákvæmni. Af þeim 132 minjum sem skráðar voru á vettvangi voru 113 sýnilegar á yfirborði en 19 voru staðsettar með hjálp heimildamanna, túnakorta eða annarra traustra heimilda. Nákvæmni staðsetninga af þessu tagi er þó ekki án fyrirvara og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju, þar sem staðsetning er gefin upp í hnitatöflum en tegund minja er skráð sem heimild.

Jörð	Fjöldi fornleifa*	Staðsettar horfnar minjar	Óstaðsettar minjar	Hlutfall horfinna/óstaðsettra
Ytri-Ey	60	5	12	28%
Syðri-Ey og Eyjarkot	75	12	10	29%
Ytri-Hóll	21	2	2	19%
Alls	156	19	24	28%

*Hér er átt við minjar sem skráðar voru upp úr heimildum og sem fundust á vettvangi.

Minjar í landi Ytri-Eyjar

Sýnilegar minjar í landi Ytri-Eyjar eru mest búsetuminjar frá 19. og 20. öld í heima túninu. Sjóminjar eru við ströndina suðvestast í landareigninni og tvö fornbyli, annað vestarlega út við sjó og hitt norðaustan við bæ við merki Hafursstaða. Austur af bæ eru minjar seljabúskapar suður af Kambakoti.

Í heimatúninu eru m.a. hleðslur úr fjósi eða fjárhúsi sem var áfast gamla bænum (nr. 2 og 3), leifar hesthúss og réttar norðaustur af bæ (nr. 7 og 8) og matjurtagarði þar suður af (nr. 6). Þá sést gamli túngarðurinn á kafla að austan og hryggur í túninu að norðan þar sem garðurinn lá (nr. 12). Heimreiðin (nr. 11) til suðurs frá bænum, sunnan ár, er að sama skapi glögg og grunnur skólahússins vestan við hana (nr. 9). Óþekkt garðlag (nr. 14) er suður við merki Ytri- og Syðri-Eyjar vestur af Nónbergi/Stórabergi. Hugsanlega tengist það einhverjum þeirra fjölmörgu smábýla og hjáleigna sem verið hafa í landi Syðri-Eyjar í gegnum aldirnar, þótt garðlagið sé í dag í landi Ytri-Eyjar. Ein óljós tóft er skammt frá Eyjaránni á leið hennar til sjávar (nr.15) og við ósinn eru minjar beggjavegna ár en þó innan landamerkjagirðingar Ytri-Eyjar (nr. 16-22). Þessar minjar ós Eyjarár tengjast að líkindum útræði frá Eyjarbæjunum og e.t.v. er þar að leita svonefndrar Ósbúðar sem minnst er á í sóknalýsingu frá 1873 (sjá nánar

sögukafla Syðri-Eyjar og Eyjarkots). Þá er fornbylí þar norður af um 650m vestur af bæ á Ytri-Ey, svonefnt Steinkot (nr. 25-30) og leifar nausta og uppsáturs vestur af því (nr. 23-24). Í norðvesturhluta landareignarinnar út við sjó eru mógrafir (nr. 32) og nokkrar litlar tóftir (nr. 33-36). Austan vegar norður við merki Ytri-Eyjar og Hafursstaða eru leifar annars fornbylís, Dúfukots, sem kann að vera sama og Ketilásgrund sem nefnd er í heimildum (nr. 37-40). Ytri-Eyjarsel er töluvert austar og sunnar, suður af Kambakoti, um 1,5km frá bæ. Þar eru raunar tóftir á tveimur stöðum (nr. 43 og 46-47) og hleðsluleifar á milli þeirra (nr. 44-45). Auk þess eru minjar um mógrafir milli sels og bæjar um 250m norður af Eyjará (nr. 42).

Minjar í landi Ytri-Eyjar er eins og verða vill í misgóðu ástandi af 48 flokkaðist ein varða undir það að vera „heilleg“, 5 minjar töldust „vel greinanlegar“, 23 „greinanlegar“ og 14 „illgreinanlegar“ en 5 minjar sáust ekki á yfirborði þótt staðsetning þeirra væri kunn. Þessar skilgreiningar byggja á stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá árinu 2008, sjá nánar um þessa staðla á heimasíðu á Fornleifaverndar:

<http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>

Minjar í hættu

Minjar í landi Ytri-Eyjar eru almennt ekki í mikilli hættu, þó er tvær minjar út við sjó sem hafa þegar orðið fyrir landbroti og nokkrar til viðbótar verða að teljast í hættu þótt þær hafi ekki þegar orðið fyrir skemmdum. Að auki telst ein tóft í hættu vegna rofs. (sjá töflu hér að neðan).

NR	Fvr Nr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Hættumat	Hættuorsök
18	12012		hóll		óþekkt		hætta	landbrot
19	12013		tóft		óþekkt		hætta	landbrot
20	12014		tóft		óþekkt		hætta	landbrot
21	12015		tóft	nidurgroftur-hledsla	uppsátur		hætta	landbrot
22	12016		tóft		óþekkt		hætta	landbrot
23	12017		tóft		naust		mikil hætta	landbrot
24	12018		tóft		naust		mikil hætta	landbrot
31	12025		tóft		óþekkt		hætta	rof

Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær verði fyrir skemmdum.

Áhugaverðar minjar í landi Ytri-Eyjar

Rannsóknir á aldri minja á Steinkoti (nr. 25-30) og Dúfukoti (nr. 37-40) eru áhugaverðar auk könnun á eðli þeirra minja sem þar er að finna, hvar sjálf bæjarstæðin hafa verið o.s.frv.

Sömuleiðis væri forvitnilegt að kanna eðli og aldur minjanna á Ytri-Eyjarseli. Tóftin niður í flóaanum (nr. 43) er nokkuð örugglega seltóft og virðist töluvert eldri en hinar (nr. 46 og 47) sem eru um 300m ofar (austar). Þar virðist hafa verið beitarhús síðast en þær minjar kunna að standa á eldri tóftum sels.

Minjar í landi Syðri-Eyjar og Eyjarkots

Sýnilegar minjar í landi Syðri-Eyjar og Eyjarkots eru einkum búsetuminjar frá 19. og 20. öld heima við bæina, leifar um útgerð á Eyjarnesi norðvestast við landinu og minjar um seljabúskap í austurhluta landareignarinnar.

Gamli bærinn og flest útihús á Syðri-Ey hafa verið rifin og farið undir nýbyggingar eða verið sléttað úr þeim. Engu að síður sjást glögglega leifar þriggja fjárhúsa (nr. 8-10) uppá brekkubrúninni meðfram austurjaðri gamla túnsins. Úr öllum þremur hefur verið sléttað en greinilegar holur sjást í túninu og óljósar veggjaleifar umhverfis. Þá eru tóftir norðar ofan á brekkubrúninni (nr. 13-16) og garðlög neðan þeirra (nr. 17). Auk þess sem túngarðurinn á Syðri-Ey sést á kafla meðfram túnjaðrinum að austan og hryggur í túninu á Eyjarey þar sem garðlag skyldi að tún bæjanna tveggja (nr. 11), brot af túngarði Eyjarkots sést einnig í norðvestur horni túnsins þar (nr. 29). Gamli bærinn og öll útihús á Eyjarkoti eru horfin, ýmist vegna byggingaframkvæmda eða tünasléttunar. Þó eru óljósar leifar húsa norðaustur af bæ (nr. 26) og hringlaga tóft (nr. 30) er uppá klöppinni suður af hesthúsi og rétt sem standa á gamla bæjarstæðinu (nr. 1). Þá er kartöflugarður (nr. 31) austan við túnið í norðanverðu bæjarlækjargilinu. Óljós garðlag er einnig vestur af bæ vestan þjóðvegarins (nr. 32) og óljós tóft milli tveggja klappa (nr. 33) auk leifa garðlags (nr. 34) ofan við túnið sem þarna er. Út á Eyjarnesi eru töluverðar sjóminjar sem bera vitni útróðra frá Eyjarbæjunum (nr. 35-49). Nokkrar minjar eru við sjóinn þar suður af, s.s. leifar garðlags sem virðist hafa girt nesið af (nr. 50), óljós tóft beint vestur af bæ (nr. 22) og tóft og garðlög sem eru að hluta farinn í sjósuðvestarlega í landareigninni (nr. 20 og 21). Á flóaanum fyrir ofan (austan) bæina eru minjar um mógröft (nr. 53 og 54) og enn ofar, tæpa 2 km frá bæ eru leifar Syðri-Eyjarsels (nr. 55-57), mógröf (nr. 58) og óljós tóft (nr. 59) þar upp með Sellæknum. Um 230 ASA af seltóftunum eru óljósar minjar á áberandi stökum hóli (nr. 60). Þá eru óljós garðlög (nr. 62), tóft (nr. 61) og hleðslur (nr. 63 og 64) um 650 m upp með Sellæk frá Selinu. Að lokum má nefna tóft (nr. 65) suðaustast í landi Syðri-Eyjar á norðurbakka Kaldalækjar sem er merkjalækur milli Syðri-Eyjar og Höskuldsstaða. Þessi tóft er því í landi Syðri-Eyjar þótt líklega hafi hún tilheyrt Höskuldsstaðaseli, sem var um tíma norðan við lækinn.

Á Syðri-Ey og Eyjarkoti flokkaðist engin tóft sem „heilleg“, 7 töldust „vel greinanlegar“, 32 „greinanlegar“ og 14 „illgreinanlegar“. Þessar skilgreiningar byggja á stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá árinu 2008, sjá nánar um þessa staðla á heimasíðu á Fornleifaverndar: <http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>

Minjar í hættu

Minjar í landi Syðri-Eyjar og Eyjarkots eru almennt ekki í mikilli hættu, þó er sex minjar út við sjó sem hafa orðið fyrir landbroti og nokkrar til viðbótar verða að teljast í hættu þótt þær hafi ekki þegar orðið fyrir skemmdum. Að auki teljast þrjár minjar í hættu af öðrum ástæðum, tvær af völdum trjáræktar og ein vegna rofs (sjá töflu hér að neðan).

NR	Fvr.Nr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Hættumat	hætta v.
5	12064		Heimild		matjurtagarður		hætta	trjáræktar
17	12076		garðlag		óþekkt		hætta	trjáræktar
20	12079		tóft		óþekkt	rétt?	mikil hætta	landbrots
21	12080		garðlag		óþekkt		mikil hætta	landbrots
31	12090		gardlag		matjurtagarður		hætta	rofs
43	12102		tóft		verbúð	naust?	mikil hætta	landbrots

44	12103		tóft		óþekkt	naust?	mikil hætta	landbrots
45	12104		tóft		óþekkt	naust?	mikil hætta	landbrots
46	12105		tóft		naust		mikil hætta	landbrots
47	12106		hleðsla		óþekkt	hróf?	hætta	landbrots
48	12107		hleðsla		óþekkt	hróf?	hætta	landbrots
49	12108		hleðsla		óþekkt	hróf?	hætta	landbrots

Þar sem plantað hefur verið trjám í eða við minjar teljast þær sjálfkrafa í hættu. Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að auki alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrir sjáanlegt að þær verði fyrir skemmdum.

Áhugaverðar minjar í landi Syðri-Eyjar og Eyjarkots

Heimildir um fjölda hjáleigna og kota í heimatúni og á landareign þessara jarða gerir það að verkum að margir staðir eru áhugaverðir þar til rannsókna. Nöfnin Efrakot, Neðrakot og Ólafshjáleiga koma fyrst fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem var tekin saman fyrir þetta svæði árið 1708, þá var Ólafshjáleiga sögð gömul eyðihjáleiga í túninu.⁵⁶ Ekkert þessara kota er hins vegar að finna í eyðibýlaskrá Ólafs Olavíusar sem hann tók saman í ferð sinni um landið árið 1777, hvort sem þau hafa þá verið í byggð eða Olavíus ekki komist á snodir um þau.⁵⁷ Í Jarðatali J. Johnsen frá árinu 1847 er auk Syðri-Eyjar nefnd hjáleigan Syðri-Eyjarkot⁵⁸ sem samkvæmt sóknarlýsingu frá 1873 kemur fyrst fyrir í heimildum frá árinu 1837.⁵⁹ Í sóknalýsingunni er fullyrt að Eyjarkot (Syðri-Eyjarkot) sé það sama og nefnt er Efrakot í eldri heimildum.⁶⁰ Þá eru nefnd eyðikotin Neðrakot, Ólafskot og Háibær og það síðastnefnda sagt byggt eftir 1840.⁶¹ Í *Föðurtúni* Páls Kolka frá 1950 segir að auk Eyjarkots hafi eftirtaldir hjáleigur verið í byggð um og fyrir aldamótin 1900: Suðurbær, Háibær, Skemmubær og Auga. Páll telur hugsanlegt að einhver þessara bæja kunni að hafa staðið á sömu stöðum og Efrakot, Neðrakot og Ólafshjáleiga.⁶² Í grein Hjördísar Gísladóttur um eyðibýli í Húnaþingi er Eyjarkot sagt sama og Neðrakot en Efrakot það sama og Háibær og sagt ofarlega í túninu á Eyjarkoti, ólíkt því sem segir í sóknalýsingunni.⁶³ Ósvíkurbúð kemur ekki fram annarsstaðar en í sóknalýsingunni frá 1873, en sú búð hefur væntanlega staðið á Eyjarnesi eða við víkina norðan þess við ós Eyjarár. Ósvíkurbúð er þó ekki með í upptalningu Páls Kolka á verbúðum á þessum slóðum.⁶⁴ Þá eru talin öll býli sem heimildir hafa fundist um við þessa skráningu, en þess má geta að engar heimildir fundust um fasta búsetu á Syðri-Eyjarseli.

Þótt nöfnin séu tíu er næsta víst að bæirnir eða bæjarstæðin hafi verið færri. Um nákvæmar staðsetningar þeirra allra verður hins vegar ekki fullyrt. Það er þó vitað að gamli bærinn á Eyjarkoti stóð á svipuðum slóðum og núverandi hesthús suðaustur af íbúðarhúsinu á Eyjarkoti, hvort sem þar hefur áður heitið Efra- eða Neðrakot. Þá er ekki ólíklegt bæjarstæði þar sem fjárhúsin (nr. 26) stóðu síðast á hávaðanum í túninu norðaustur af Eyjarkoti. En

⁵⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, bls. 441.

⁵⁷ Ólafur Olavíus (1964), bls. 283-286.

⁵⁸ *Jarðatal á Íslandi*, bls. 245.

⁵⁹ *Sýslu- og sóknalýsingar I*, bls. 150.

⁶⁰ *Sýslu- og sóknalýsingar I*, bls. 151.

⁶¹ *Sýslu- og sóknalýsingar I*, bls. 151.

⁶² Páll Kolka (1950), bls. 52.

⁶³ Hjördís Gísladóttir (1989), bls. 286.

⁶⁴ Sbr. Páll Kolka (1950), bls. 52.

Háibær er í grein Hjördísar talinn hafa staðið ofarlega á Eyjarkotstúninu.⁶⁵ Tóftir á brekkustallinum ofan (austan) við Syðri-Ey koma líka til greina sem bæjartóftir. Samkvæmt Daníel Magnússyni á Syðri-Ey voru að auki húsarústir suðaustast í gamla túninu á Syðri-Ey og telur hann að þar hefði bærinn Auga staðið og annar rústahóll var norðvestur af þessum rústum sunnan við mitt túnið að vestanverðu sem nú er búið að jafna út.⁶⁶ Annað hugsanlegt bæjarstaði er á hávaða í túnblettinum sunnan út við merkin milli Syðri- og Ytri-Eyjar, sunnan við Háaberg, norðvestur af Eyjarkoti. Að tengja saman þessi bæjarnöfn og hugsanleg bæjarstaði er eins og sést ekki vandalaust, en með frekari rannsóknum mætti í það minnsta komast að hvar hafi örugglega staðið bærir, hvað sem þeir hafi heitið.

Minjar í landi Ytri-Hóls

Sýnilegar minjar í landi Ytri-Hóls eru mestmegnis búsetuminjar frá 19. og 20. öld, leifar útihúsa, túngarða o.s.frv. Ofan (austan) við bæ eru minjar um mótöku og út við sjó að vestan eru þústir sem sumar kunna að tengjast eingjábúskap og/eða sjósókn.

Í heimatúninu eru m.a. leifar fjárhúsa (nr. 5,7 og 8) suðvestan og suðaustan við núverandi útihús sem stendur austast í túninu. Þá sjást enn leifar túngarðs umhvefis túnið að norðan og slitra af túngarðinum suðaustast (nr. 6) og óljósar leifar matjurtagarðs (nr. 3) í brekkunni vestur af gamla bæjarstaðinu (nr. 1). Að auki eru tvær óljósar og gamlar tóftir innan túns, önnur fast sunnan við Ytri-Hól 3 (nr. 10) og hin sunnarlega í túninu (nr. 9). Enn sér móta fyrir heimreiðinni (nr. 4) þótt ekki sé það glögg og hugsanleg beðaslétta er í suðurhluta túnsins (nr. 12). Út við sjó eru þrjár þústir (nr. 13, 14 og 16) sem kunna að vera heytóftir og ein tóft sem gæti tengst sjósókn (nr. 15).

Á Ytri-Hóli flokkaðist engin tóft undir það að vera „heilleg“, 2 töldust „vel greinanlegar“, 9 „greinanlegar“ og 8 „illgreinanlegar“. Þessar skilgreiningar byggja á stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá árinu 2008, sjá nánar um þessa staðla á heimasíðu á Fornleifaverndar: <http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>

Minjar í hættu

Aðeins ein tóft í landi Ytri-Hóls getur talist í fyrirsjáanlegri hættu og það er tóft út við sjó (nr. 15) sem þegar hefur orðið fyrir skemmdum vegna landbrots. Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær verði fyrir skemmdum

Áhugaverðar minjar á Ytri-Hóli

Áhugavert væri að kanna hvers eðlis tóft nr. 15 er vestur við sjó, s.s. hvort þar megi finna mannvistarlög sem bent gætu til að um sjóbúð eða eitthvað slíkt sé að ræða eða hvort um annars konar mannvirki sé að æða, s.s. stekki, gripahús eða heytóft.

⁶⁵ Hjördís Gísladóttir (1989), bls. 286.

⁶⁶ Munnleg heimild, Daníel H. Magnússon, 23.06.2009.

Niðurlag

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat minja og minjagildis og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með heildarskráningu fornleifa innan sveitarfélagsins skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Björn Lárusson (1967). *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University: Lund.

HG - Hjördís Gísladóttir (1989). „Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi“ í *Húnaþingi III*. Ritnefnd: Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga ofl.: Akureyri. Bls. 273-344.

HP II - *Húnaþing II* (1978). Ritnefnd: Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Búnaðarsamband Austur- Húnavetninga o.fl.: Akureyri.

Íslenzkt Fornbréfasafn II. (1893). Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn.

Íslenzkt Fornbréfasafn III. (1896). Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn.

Íslenzkt Fornbréfasafn IV. (1897). Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn.

Íslenzkt Fornbréfasafn V. (1899-1902). Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Íslenzkt Fornbréfasafn VI. (1900-1904). Hið íslenzka bókmenntafélag: Reykjavík.

Íslenzkt Fornbréfasafn VII. (1903-1907). Hið íslenzka bókmenntafélag: Reykjavík.

Íslenzkt Fornbréfasafn VIII. (1906-1913). Hið íslenzka bókmenntafélag: Reykjavík.

Íslenzkt Fornbréfasafn IX. (1909-1913). Hið íslenzka bókmenntafélag: Reykjavík.

Íslenzkt Fornbréfasafn X. (1914). Hið íslenzka bókmenntafélag: Reykjavík.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. (1926). Hið íslenzka fræðafélag: Kaupmannahöfn.

Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. (1847). Útgefandi: J.Johnsen: Kaupmannahöfn.

Ólafur Olavíus (1964). *Ferðabók – Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Hencels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. Bókfellsútgáfan: Reykjavík.

PK – Páll Kolka (1950). *Föðurtún*. Útgefandi: P. V. G. Kolka: Reykjavík.

SS I - *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 I - Húnavatnssýsla*. (1950). Hið íslenzka bókmenntafélag: Akureyri.

ÞBG - Þorsteinn B. Gíslason (1975). „Skólar í Húnaþingi“ í *Húnaþingi I*. Ritnefnd: Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga ofl.: Akureyri. Bls. 39-88.

Aðrar heimildir

Úttekt á Syðri-Ey 1874. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

Úttekt á Ytir-Ey frá 1873. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

Úttekt á Ytri-Ey frá 1882. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

ÖKE – *Ytri-Ey*. Kristján Eiríksson skráði, 1974, eftir Indriða Brynjólfssyni. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖBL – *Ytri Ey Vindhælishreppi Austur Húnavatnssýslu*. [óvíst hver skráði], 1961, eftir Brynjólfi Lýðssyni. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖIB – *Örnefni og landamerki Ytri-Eyjar á Skagaströnd*. Indriði Brynjólfsson skráði, 1982. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖAD – *Syðri Ey Vindhælishreppi Austur Húnavatnssýslu*. [óvíst hver skráði], 1961, eftir Árna Daníelssyni. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖBJ – *Ytri Hóll Vindhælishreppi Austur Húnavatnssýslu*. [óvíst hver skráði], 1961, eftir Birni Jónssyni. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

Heimildamenn

Björg S. Björnsdóttir á Ytri-Hóli 3, fædd og uppalinn á Ytri-Hóli (f. 1953).

Björn Þ. Björnsson bóndi á Ytri-Hóli 1 fæddur og uppalinn á Ytri-Hóli (f. 1966) og kona hans Dagný R. Úlfarsdóttir kennari.

Sigrún Björnsdóttir húkrunarfræðingur á Ytri-Hóli 2, fædd og uppalinn á Ytri-Hóli (f. 1951).

Daníel H. Magnússon bóndi á Syðri-Ey (f. 1954).

Stefán P. Stefánsson bóndi á Ytri-Ey (f. 1962).

Fylgiskjöl

Skýringar á hnitatöflu

Þar sem tegund minja er skilgreind sem heimild, er annað hvort um að ræða minjar sem ekki eru lengur sýnilegar á yfirborði, fundust ekki, eða voru ekki skoðaðar á vettvangi.

Rétt er að taka fram að tölurnar sem hér eru gefnar upp um aldur minja eru að jafnaði mat skráningaraðila byggt á ástandi og útliti minjanna. Sumstaðar eru þó heimildir fyrir byggingarári og hvenær hætt var að nota bygginguna, í báðum tilfellum verður þó að hafa þann fyrirvara að minjarnar geti átt sér lengri sögu eða jafnvel verið byggðar á enn eldri minjum.

Í hnitatöflunni eru dálkar fyrir ástand, hættumat, hættuorsök og ástæður þess að minjar hafa horfið ef það er vitað. Þetta mat á minjunum byggir á eftirfarandi stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá 2008:

Ástand:

1. ***Ekki sést til fornleifa.*** Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt eða er hreinlega ekki lengur sjáanleg á yfirborði. Ef um óeiginlegar fornleifar er að ræða þá hefur umhverfið breyst það mikið að ekki er hægt að staðsetja þær út frá umhverfisþáttum.
2. ***Illgreinanlegar fornleifar.*** Fornleifarnar hafa orðið fyrir töluverðu raski af völdum náttúru eða mönnum. Hleðslur útflattar.
3. ***Greinanlegar fornleifar.*** Fornleifarnar eru greinanlegar en erfitt að sjá upprunalegt lag eða form mannvirkis. Ef um hleðslur er að ræða þá eru þær signar og eða hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og hafa jafnvel hlaupið í þúfur.
4. ***Vel greinanlegar fornleifar.*** Fornleifarnar ágætlega greinanlega og upprunalegt lag eða form þeirra sjáanlegt. Ef um hleðslur er að ræða þá standa þær grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróid yfir grjót í veggjum og gólfi.
5. ***Heillegar fornleifar.*** Upprunalegt lag og form mjög greinilegt. Ef um hleðslur er að ræða þá standa þær að mestu heilar. Í þennan flokk koma hús með heila vegg og hrunið þak en einnig torfhús sem enn eru undir þaki.

Ef rústin er horfin eða sést ekki þá skal hér geta um ástæður hvarfsins:

- 1) ***undir hrauni:*** Rústin hefur horfið undir hraun
- 2) ***vegna bygginga:*** Rústinni hefur verið mokað burt við byggingaframkvæmdir hverskonar (annarra en vegagerðar) eða byggt á henni/yfir hana. Hér með teljast hafnir, flugvöllir, golfvöllir og íþróttvöllir.
- 3) ***vegna vegagerðar:*** Rústinni hefur verið mokað burt við vegagerð eða vegur lagður yfir hana.
- 4) ***sléttað yfir:*** Sléttað hefur verið yfir rústina, henni jafnað út eða mokað burt við jarðrækt, þ.á.m. túnrækt, m. framræslu og skurðgrefti.
- 5) ***vegna ræktunar:*** Rústin hefur horfið vegna ræktunar, t.d. skógræktar án þess að víst sé að sléttað hafi verið yfir hana.
- 6) ***vegna niðurrifs:*** Rústin hefur verið rifin og jöfnuð niður í óákveðnum tilgangi (t.d. sem fegrunaraðgerð, til að búa til pláss í hlaði o.s.fr.v.)
- 7) ***vegna efnistöku:*** Rústin hefur horfið í malarnámi eða annari efnistöku.
- 8) ***vegna fyllingar:*** Rústin hefur lent undir landfyllingu eða annarskonar fyllingu.
- 9) ***vegna rasks:*** Rústin hefur horfið af mannavöldum, en óvíst nákvæmlega hverjum. Rústir hafa oft horfið smátt og smátt vegna nálægðar við athafnasvæði.
- 10) ***vegna landbrots:*** Rústin hefur horfið þar sem land hefur brotið af vegna ágangs sjávar eða vatnsfalla.

- 11) *vegna skriðufalla*: Rústin hefur horfið vegna aurskriða eða snjóflóða
- 12) *vegna uppblásturs*: Rústin hefur blásið upp.
- 13) *vegna vatnsrofs*: Rústin hefur horfið vegna vatnsaga án þess að um landbrot hafi verið að ræða, t.d. verið skolað burt í vatnavöxtum eða hrunið á gilbarmi.
- 14) *vegna áföks*
- 15) *ekki vitað*

Hættumat - Við hættumatið er gengið útfra eftirfarandi flokkun:

1. **Engin hætt**a: Engin eða mjög lítil augljós hætt er á því að fornleifarnar verði fyrir raski í náinni framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.
2. **Hætt**a: Fornleifarnar eru á athafnasvæði eða rofssvæði þar sem hætt á röskun er fyrirsjáanleg.
3. **Mikil hætt**a: Fornleifarnar eru þegar farnar að skemmast og liggja undir ágangi manna, dýra eða náttúru. Bregðast verður skjótt við svo fornleifarnar verði ekki fyrir frekari röskun.

Hættuorsök - Undir þessum lið skal greina af hvaða völdum fornleifunum stafar helst hætt.

- 1) *vegna jarðræktar*: Fornleifar í ræktuðu túni eða fornleifar sem hafa verið sléttaðar undir tún eða aðra jarðrækt.
- 2) *vegna trjáræktar*: Fornleifar á skógræktarsvæðum eða svæðum þar sem skógrækt er fyrirhuguð.
- 3) *vegna bygginga*: Fornleifar sem eru í hættu vegna fyrirhugaðra húsbygginga, lenda undir hússtaðum eða í næsta nágrenni þeirra þar sem vænta má rasks í sambandi við framkvæmdirnar.
- 4) *vegna efnistöku*: Fornleifar sem eru í hættu vegna grjótnáms eða annarrar efnistöku.
- 5) *vegna vegagerðar*: Fornleifar sem eru í hættu vegna vegagerðar, lenda í fyrirhugaðri veglínu eða næsta nágrenni hennar þar sem vænta má rasks í sambandi við framkvæmdirnar.
- 6) *vegna framkvæmda*: Fornleifar sem eru í hættu vegna framkvæmda annara en vegagerðar og húsbygginga, t.d. virkjana, hafnargerðar, línulagna og breyttrar landnotkunar, s.s. golfvalla og sumarbústaða.
- 7) *vegna rasks*: Fornleifar sem eru í hættu af ágangi manna eða dýra eða öðrum óskilgreindum ástæðum.
- 8) *vegna landbrots*: Fornleifar sem eru í hættu vegna landbrots.
- 9) *vegna rofs*: Fornleifar sem eru í hættu vegna uppblásturs eða vatnsrofs.
- 10) *vegna skriðufalla*: Fornleifar sem eru í hættu vegna snjóflóða og aurskriða.
- 11) *vegna jarðsetningar*: Aðeins í kirkjugörðum þar sem vitað er að kirkjur hafa staðið lengi og greftrað hefur verið öldum saman.

Staðlana má nálgast í heild sinni á heimasíðu Fornleifaverndar Ríkisins á slóðinni:

<http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>


Ytri-Ey - Hnitatafla

Nr	Fvr Nr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfið vegna	Hættu- mat	Hættu orsök	Hæð frá	Hæð til	Austun	Norðun
1	11995	Ytri-Ey	heimild		híbýli		1800	1930	sést ekki	framkv.	engin hættu		0,0	0,0	442280	586065
2	11996		hleðsla		fjós	hlaða	1800	1900	illgreinanleg	framkv.	engin hættu		0,0	0,0	442269	586064
3	11997		heimild		fjánhús		1800	1900	illgreinanleg		engin hættu		0,0	0,1	442267	586065
4	11998		heimild		smiðja		1800	1950	sést ekki	framkv.	engin hættu		0,0	0,0	442168	586080
5	11999		heimild	hleðsla	fjánhús		800	1900	sést ekki	framkv.	engin hættu		0,0	0,0	442382	586060
6	12000		garðlag	hryggur	matjurtagarður		1800	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hættu		0,1	1,0	442384	586044
7	12001		tóft		hesthús		1900	1900	greinanleg		engin hættu		0,4	0,6	442395	586108
8	12002		tóft		rétt		1900	1900	greinanleg		engin hættu		0,4	0,6	442404	586108
9	12003		grunnur		grunnur	skólahús	1800	1901-40	greinanleg		engin hættu		0,1	0,3	442257	586029
10	12004		heimild		hesthús		1800	1950	sést ekki	sléttunar	engin hættu		0,0	0,0	442170	586018
11	12005		hleðsla		tröð	heimreið	1800	1900	vel greinanleg		engin hættu		0,3	0,4	442287	586032
12	12006		garðlag	hryggur	túngarður		1800	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hættu		0,1	0,4	442314	586235
13	12007		hóll	tóftahóll	óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hættu		0,1	0,4	442235	586266
14	12008		gardlag		óþekkt		1700	1900	vel greinanleg		engin hættu		0,5	0,6	442082	585841
15	12009		tóft		óþekkt		1200	1700	greinanleg		engin hættu		0,3	0,5	441633	585882
16	12010		tóft		óþekkt		1800	1900	vel greinanleg		engin hættu		0,6	1,5	441474	585855
17	12011		leið	sneiðingur	óþekkt		1800	1950	greinanleg		engin hættu		0,1	0,3	441418	585858
18	12012		hóll		óþekkt		1600	1800	greinanleg		hætta	landbrot	0,2	0,4	441401	585921
19	12013		tóft		óþekkt		1800	1900	greinanleg		hætta	landbrot	0,3	0,4	441400	585920
20	12014		tóft		óþekkt		1800	1900	greinanleg		hætta	landbrot	0,3	0,4	441404	585901
21	12015		tóft	niðurgr. +hleðsla	uppsátur		1800	1900	vel greinanleg		hætta	landbrot	0,6	0,7	441403	585894
22	12016		tóft		óþekkt		1700	1900	greinanleg		hætta	landbrot	0,2	0,5	441407	585888
23	12017		tóft		naust		1700	1900	greinanleg		mikil hættu	landbrot	0,6	1,0	441311	586095
24	12018		tóft		naust		1700	1900	greinanleg		mikil hættu	landbrot	0,6	1,0	441312	586079
25	12019	Steinkot	hóll		bæjarhóll		1700	1900	illgreinanleg		engin hættu		0,2	2,0	441534	586124
26	12020		tóft		óþekkt	stekkur	1800	1900	greinanleg		engin hættu		0,3	0,5	441536	586125
27	12021		hóll		óþekkt		1700	1900	illgreinanleg		engin hættu		0,2	1,6	441516	586137
28	12022	Steinkot	tóft		óþekkt	beitarhús?	1800	1900	greinanleg		engin hættu		0,1	0,4	441524	586140
29	12023		garðlag		túngarður		1800	1900	greinanleg		engin hættu		0,2	0,4	441524	586134
30	12024		garðlag		túngarður		1700	1800	illgreinanleg		engin hættu		0,2	0,4	441493	586175
31	12025		tóft		óþekkt		1600	1800	greinanleg		hætta	rof	0,3	0,6	441646	586153

Ytri-Ey - Hnitatafla

Nr	Fvr Nr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfið vegna	Hættu- mat	Hættu orsök	Hæð frá	Hæð til	Austun	Norðun
32	12026		niðurgröftur	mógröf	náma	mótekja	1800	1900	vel greinileg		engin hætta		0,2	1,2	441522	586502
33	12027		tóft		óþekkt	mókofi?	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	441426	586501
34	12028		tóft		óþekkt	hjallur?	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,3	441420	586496
35	12029		tóft		óþekkt	mókofi/ - stafli	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,2	441424	586489
36	12030		tóft		óþekkt		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	441427	586593
37	12031	Dúfukot	hóll		bæjarhóll		1600	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,3	0,4	442550	586596
38	12032		garðlag		túngarður		1600	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,1	442633	586628
39	12033		garðlag		túngarður		800	1700	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,4	442633	586697
40	12034		garðlag		túngarður		1600	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,4	442705	586570
41	12035		heimild		smiðja		800	1900	sést ekki	framkv.	engin hætta		0,0	0,0	442292	586073
42	12036		niðurgröftur	mógrafir	náma	mótekja	1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	443118	585909
43	12037	Ytri- Eyjarsel	tóft		sel		1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,5	443917	586399
44	12038		hleðsla		óþekkt	varða/ kuml?	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,2	444034	586334
45	12039		hleðsla	grunnur	óþekkt	smalabyrgi	800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,1	444036	586333
46	12040		tóft		óþekkt		1600	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,4	444231	586370
47	12041		tóft		óþekkt	beitarhús?	1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	444231	586364
48	12042		varða		landamerki		1800	1900	heillegar		engin hætta		0,8	1,1	444850	586836

Ytri-Ey - Yfirlitskort 1



Skagavegur

Ytri-Ey

Eyjará



Ytri-Ey - Yfirlitskort 2



Hafurstaðir

Dúfukot / Ketilásgrund

36

37

39

38

40

33-35

32

Steinkot

31

12

13

12

Ytri-Ey

23-24

25-30

7

8

4

2-3

1

5

6

10

9

11

18-22

15

14

0 50 100 200 300 400 500 M

Syðri-Ey

© Byggðasafn Skagfirðinga 2010



Ytri-Ey - Yfirlitskort 3



Hafursstaðir

Kambakot

48

37
39
38
40

Ytri-Eyjarsel

43
44-45
46-47

42

Syðri-Ey



Syðri-Ey - Hnitatafla

Nr	Fvr Nr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfið vegna	Hættumat	Hætta vegna	Hæð frá	Hæð til	Austun	Norðun
1	12060	Syðri-Ey	Heimild		híbýli		1800	1950	sést ekki	bygginga	engin hætta		0,0	0,0	442377	585370
2	12061		Heimild		fjós		1800	1950	sést ekki	bygginga	engin hætta		0,0	0,0	442383	585372
3	12062		Heimild		skemma		1800	1950	sést ekki	framkv.	engin hætta		0,0	0,0	442363	585356
4	12063		gata	slóð	heimreið		1800	1900	sést ekki	vegagerðar	engin hætta		0,0	0,0	442304	585385
5	12064		Heimild		matjurtagarður		1800	1950	greinanleg		hætta	trjáræktar	0,0	0,0	442361	585405
6	12065		Heimild		hesthús		1800	1950	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	442495	585464
7	12066		Heimild		hesthús		1800	1950	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	442525	585441
8	12067		tóft		fjánhús	hlaða/heyttóft	1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,3	442490	585300
9	12068		tóft		fjánhús	+heyttóft	1800	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,1	0,3	442511	585285
10	12069		tóft		fjánhús	+hlaða/heyttóft	1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,3	442512	585249
11	12070		gardlag		túngarður		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	1,2	442469	585344
12	12071		tóft		óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,3	442532	585206
13	12072		tóft		óþekkt		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,6	442506	585377
14	12073		tóft		óþekkt		1700	1800	greinanleg		engin hætta		0,2	0,5	442501	585378
15	12074		tóft		óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	442500	585370
16	12075		tóft		óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	442500	585365
17	12076		garðlag		óþekkt		1800	1900	greinanleg		hætta	trjáræktar	0,3	0,6	442475	585351
18	12077		tóft		óþekkt	(fjánhús?)	1600	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,3	0,6	442518	585337
19	12078		hledsla		óþekkt	leiksvæði barna	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,1	442597	585360
20	12079		tóft		óþekkt	rétt?	1800	1900	vel greinanleg		mikil hætta	landbrots	0,4	0,6	441676	584930
21	12080		garðlag		óþekkt		1800	1900	greinanleg		mikil hætta	landbrots	0,2	0,3	441711	584886
22	12081		þúst		heygarður	heyttóft?	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,3	441672	585361
23	12082	Eyjarkot	híbýli		heimild		1800	1950	sést ekki	bygginga	engin hætta		0,0	0,0	442323	585494
24	12083		heimild		fjós		1800	1950	sést ekki	bygginga	engin hætta		0,0	0,0	442321	585500
25	12084		gata	slóð	heimreið		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,0	442314	585547
26	12085		hóll	þúst	fjánhús		1800	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,1	0,2	442385	585574
27	12086		heimild		hesthús		1800	1950	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	442429	585488
28	12087		heimild		matjurtagarður		1800	1950	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0	442262	585503
29	12088		gardlag		túngarður		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,4	0,6	442252	585495
30	12089		gardlag		óþekkt		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,5	0,6	442326	585459
31	12090		gardlag		matjurtagarður		1900	1950	vel greinanleg		hætta	rofs	0,4	1,0	442592	585435

Syðri-Ey - Hnitatafla

Nr	Fvr Nr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfið vegna	Hættumat	Hætta vegna	Hæð frá	Hæð til	Austun	Norðun	
32	12091		garðlag		óþekkt	túngarður?	1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,2	1,0	442200	585518	
33	12092		tóft		óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,4	1,0	442181	585528	
34	12093		gardlag		túngarður		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,5	0,6	442139	585530	
35	12094		hóll		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,4	1,3	441431	585745	
36	12095		tóft		óþekkt	stekkur	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,4	0,5	441433	585746	
37	12096		tóft		óþekkt		800	1700	greinanleg		engin hætta		0,4	0,5	441443	585777	
38	12097		gardlag	kantur	óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	1,4	441393	585763	
39	12098		hóll		óþekkt		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,3	0,4	441390	585783	
40	12099		tóft		óþekkt	sjóbúð\ hjallur?	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,5	0,6	441390	585784	
41	12100		tóft		óþekkt		800	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,4	441371	585771	
42	12101		tóft		óþekkt		1600	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,5	441369	585767	
43	12102		tóft		óþekkt	verbúð	naust?	1700	1900	greinanleg		mikil hætta	landbrots	0,2	0,3	441337	585754
44	12103		tóft		óþekkt		naust?	1600	1800	greinanleg		mikil hætta	landbrots	0,2	0,3	441340	585759
45	12104		tóft		óþekkt		naust?	1600	1800	greinanleg		mikil hætta	landbrots	0,1	0,3	441347	585767
46	12105		tóft		naust			1850	1950	vel greinanleg		mikil hætta	landbrots	1,5	1,7	441346	585772
47	12106		hleðsla		óþekkt	hróf?	800	1800	greinanleg		hætta	landbrots	0,2	0,3	441341	585782	
48	12107		hleðsla		óþekkt	hróf?	800	1800	greinanleg		hætta	landbrots	0,4	0,5	441345	585781	
49	12108		hleðsla		óþekkt	hróf?	800	1800	greinanleg		hætta	landbrots	0,2	0,3	441348	585778	
50	12109		garðlag		óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,3	441543	585727	
51	12110	Auga	heimild		híbyli		1700	1800	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	442478	585193	
52	12111		heimild		híbyli		1600	1900	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	442330	585224	
53	12112		niðurgröftur	mógrafir	náma	mótekja	1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	443191	585296	
54	12113		niðurgröftur	torf-/mógröf	náma	torf-/mótaka	1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,3	0,4	443347	585082	
55	12114		tóft		sel	beitarhús?	800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,4	444485	585576	
56	12115		tóft		sel	beitarhús?	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	444487	585571	
57	12116	Syðri-Eyjarsel	tóft		óþekkt		1500	1800	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	444507	585563	
58	12117		niðurgröftur	mógröf	náma	mótekja	1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,5	444563	585611	
59	12118		tóft	tóft?	óþekkt		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,5	0,6	444529	585672	
60	12119		tóft		óþekkt		800	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,3	444737	585511	
61	12120		tóft		óþekkt		1600	1800	greinanleg		engin hætta		0,1	0,3	445009	586008	
62	12121		garðlag		óþekkt		1600	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,3	0,4	445074	586016	

Syðri-Ey - Hnitatafla

Nr	Fvr Nr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfið vegna	Hættumat	Hætta vegna	Hæð frá	Hæð til	Austun	Norðun
63	12122		hleðsla		óþekkt	smalabyrgi	800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,1	445136	586035
64	12123		varða		óþekkt	kennileyti?	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,3	445139	586035
65	12124	Höskulds- staðasel	tóft		óþekkt	sel	1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	445397	585122

Syðri-Ey og Eyjarkot - Yfirlitskort 1



Syðri-Ey og Eyjarkot - Yfirlitskort 2

Ytri-Ey

N



41-42
39-40
37
43-49
38
35-36
50

34
33
32
29
25
24
23
27
26
Eyjarkot
11
6
7
31
11
19
13-16
18
17
11
8
9
10
11
51
11
5
11
3
2
1
Syðri-Ey
52

22

20
21




© Byggðasafn Skagfirðinga 2010

Ytri-Hóll



Syðri-Ey - Yfirlitskort 3



Yti-Ey

Kambakot

61
62
63-64

Syðri-Eyjarsel
59
58
55-56
57

60

53

54

65

Höskuldsstaðasel

Ytri-Höll

Höskuldsstaðir



Ytri-Hóll - Hnitatafla

Nr	Fvr Nr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfið vegna	Hættumat	Hættu orsök	Hæð frá	Hæð til	Austun	Norðun
1	12125	Ytri-Hóll	heimild		híbýli		1800	1900	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	584285	584285
2	12126		heimild		fjós		1800	1900	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	584294	584294
3	12127		garðlag		matjurtagarður		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,1	442702	584294
4	12128		gata		heimreið		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,0	442661	584371
5	12129		tóft	dældir	fjánhús	og hlada \heytoft	1800	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	442764	584176
6	12130		gardlag		túngarður		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,4	0,8	442629	584353
6	12130		garðlag		túngarður		1800	1900	greinanleg		ening hætta		0,1	0,4	442657	584319
6	12130		garðlag		túngarður		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,3	442740	584282
7	12131		tóft	dældir	óþekkt	fjánhús	1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,1	0,3	442757	584264
7	12131		tóft	dældir	óþekkt	fjánhús	1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,3	442763	584267
8	12132		tóft		fjánhús		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,4	0,7	442808	584253
9	12133		tóft		óþekkt		0	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,3	442668	584152
10	12134		þúst	toft	óþekkt		1600	1800	greinanleg		engin hætta		0,4	1,3	442612	584305
11	12135		hleðsla	kantur	óþekkt		0	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	1,5	442616	584253
12	12136		hryggur	jarðræktar- svæði?	óþekkt	beða-slétta?	1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,4	442617	584173
13	12137		tóft	þúst	óþekkt	heytoft	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,5	441869	584122
14	12138		þúst		óþekkt	heytoft	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,4	441881	584028
15	12139		tóft		óþekkt		1800	1900	greinanleg		hætta	landbrot	0,3	0,4	441858	583901
16	12140		þúst		óþekkt	heytoft	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,5	1,0	441923	583883
17	12141		hleðsla	varða	óþekkt		1700	1900	heilleg		engin hætta		0,5	0,7	443092	584426
18	12142		niðurgróftur		náma	mógrafir	1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,0	443415	584669
19	12143		heimild	klöpp	álagablettur		1900	1950			engin hætta		0,0	0,0	584168	584168

Ytri-Hóll - Yfirlitskort 1



© Byggðasafn Skagfirðinga 2010



Ytri-Hóll - Yfirlitskort 2



Syðri-Ey


18

.17

Ytri-Hóll 3

Ytri-Hóll 1

Ytri-Hóll 2



13

14

15

16

Hökuldsstaðir





Byggðasafn Skagfirðinga
2010